



Samtök sveitarfélaga á  
höfuðborgarsvæðinu

Borgarráð Reykjavíkur  
Einar Þorsteinsson  
Ráðhús Reykjavíkur  
Tjarnargata 11  
101 Reykjavík

Kópavogur, 19. júní 2024  
Málsnr. 2303003

**Efni: Innleiðing á loftslagsstefnu höfuðborgarsvæðisins og útreikningur á losun - kynning á skýrslum.**

Á 579. fundi stjórnar SSH sem fram fór mánudaginn 3. júní sl. var neðangreint til umræðu og eftirfarandi bókað í fundargerð vegna þess:

**2303003 – Loftslagsstefna – innleiðing – Sóknaráætlun 2023**

*Hinn 11. ágúst 2023 undirrituðu borgarstjóri og bæjarstjóri sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu ásamt framkvæmdastjóra SSH undir loftslagsstefnu höfuðborgarsvæðisins. Í kjölfar undirritunarinnar gerði SSH samkomulag við umhverfis-, orku- og auðlindaráðuneytið í heim tilgangi að fylgja loftslagsstefnunni eftir, m.a. með ráðningu ráðgjafa til þess að aðstoða sveitarfélögin við að móta aðgerðir til samræmir við verkfærakistu loftslagsstefnunnar. Þá yrði einnig unnið nýtt mat á losun gróðurhúsalofttegunda. SSH gerði samning við VSO ráðgjöf til að sinna ofangreindum verkþáttum.*

*Fyrirnefndum verkefnum er nú lokið og eru fyrirliggjandi skýrslan Útreikningur á losun höfuðborgarsvæðisins fyrir árið 2022 dags. maí 2024. Þá er einnig fyrirliggjandi skýrslan Innleiðing á loftslagsstefnu höfuðborgarsvæðisins dags. maí 2024. Herdís Sigurgrímsdóttir og Bryndís Skúladóttir kynna.*

*Lagt er til að skýrslunum verði vísað til sveitarfélaganna til kynningar.*

**Niðurstaða fundar:**

*Skrifstofa SSH er falið að senda fyrirliggjandi skýrslur til kynningar á vettvangi aðildarsveitarfélaganna. Jafnframt verði þær kynntar á sérstökum kynningarfundum (örfundi) fyrir kjörna fulltrúa og með sérstöku erindi til umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra.*

*Lagt fram til kynningar.*

Er vísað til meðfylgjandi skýrsla og farið fram á að þær verði teknar til kynningar á vettvangi sveitarfélagsins sbr. framangreint.

Virðingarfyllst,

Páll Björgvin Guðmundsson  
framkvæmdastjóri SSH

Meðfylgjandi:

1. Kolefnisspor höfuðborgarsvæðisins Útreikningur á losun árið 2022. Maí 2024.
2. Innleiðing loftslagsstefnu höfuðborgarsvæðisins. Ráðgjöf og tillögur að aðgerðum sveitarfélaga til að draga úr losun til ársins 2035. Maí 2024.



# Kolefnisspor höfuðborgarsvæðisins

## Útreikningur á losun árið 2022

Maí 2024



Samtök sveitarfélaga á  
höfuðborgarsvæðinu



SÓKNARÁÆTLUN  
HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

VSÓ RÁÐGJÖF



## Efnisyfirlit

<b>1</b>	<b>Mæling kolefnisspors 2022 og ráðgjöf til sveitarfélaganna - samantekt</b>	<b>3</b>
<b>2</b>	<b>Helstu losunarflokkar 2022 - samantekt</b>	<b>5</b>
2.1	Staðbundin orkunotkun	5
2.2	Vegasamgöngur	5
2.3	Skipaumferð og flug	6
2.4	Úrgangur og fráveita	6
2.5	Landbúnaður og landnotkun	7
2.6	Iðnaður og efnanotkun	7
2.7	Mismunur á aðferðum frá fyrra bókhaldi 2019	8
2.8	Samfélagslosun, ETS og landnotkun	8
<b>3</b>	<b>Um kolefnisbókhald</b>	<b>10</b>
<b>4</b>	<b>Höfuðborgarsvæðið</b>	<b>12</b>
<b>5</b>	<b>Staðbundin orkunotkun</b>	<b>13</b>
5.1	Raforkunotkun	13
5.2	Hitaveita	14
5.3	Fiskveiðar	15
5.4	Gasnotkun fyrir eldun, grill og iðnað	16
5.5	Staðbundin eldsneytisnotkun í framleiðsluiðnaði	16
5.6	Staðbundin eldsneytisnotkun í byggingariðnaði	16
5.7	Staðbundin eldsneytisnotkun í landbúnaði	17
<b>6</b>	<b>Samgöngur</b>	<b>18</b>
6.1	Vegasamgöngur	18
6.2	Skipaumferð	19
6.3	Flugumferð	20
<b>7</b>	<b>Úrgangur og fráveita</b>	<b>22</b>
7.1	Úrgangur	22
7.2	Fráveita	23
<b>8</b>	<b>Landbúnaður og landnotkun</b>	<b>24</b>
8.1	Landnotkun	24
8.2	Landbúnaður	26
<b>9</b>	<b>Iðnaður og efnanotkun</b>	<b>27</b>
9.1	Iðnaðarferlar	27
9.2	Efnanotkun	27
<b>10</b>	<b>Heimildir</b>	<b>28</b>
<b>11</b>	<b>Viðauki: Aðferðafræði</b>	<b>30</b>
11.1	Yfirlit yfir breytingar í aðferðafræði	30
11.2	Aðferðafræði útreikninga fyrir vegasamgöngur	32
11.3	Aðferðafræði útreikninga fyrir landbúnað	40



# 1 Helstu niðurstöður

## 1.1 Mæling kolefnisspors 2022

- Kolefnisspor höfuðborgarsvæðisins er nú birt í annað sinn og tekur til ársins 2022 sem markast af aldri nýjustu gagna sem eru aðgengileg. Fyrri útgáfa gaf yfirlit yfir losun ársins 2019 (Environice, 2021).
- Talsverðar breytingar hafa orðið á milli þessara tveggja mælinga sem helgast ýmist af breyttu aðgengi að gögnum, meiri þekkingu eða betri aðferðum. Erfitt er því að bera saman niðurstöður á milli ára. Í viðauka er tekinn saman munur á aðferðafræði milli mælinga.
- Niðurstöður gefa til kynna að í daglegum störfum íbúa höfuðborgarsvæðisins, landnotkun og landbúnaður hafi losnað um 1.440.986 tonn CO<sub>2</sub>íg árið 2022 (Tafla 1). Árið 2019 var kolefnisspor höfuðborgarsvæðisins áætlað 1.834.732 tonn CO<sub>2</sub>íg (Environice, 2021). Vert er að undirstrika að aðferðafræðin er ólík svo ekki er hægt að bera saman niðurstöður þessara tveggja skýrslna að öllu leyti.
- Þyngst vegur losun frá iðnaði og efnanotkun (30%), vegasamgöngum (25%) og landbúnaði og landnotkun (23%). Staðbundin orkunotkun (23%), úrgangur og fráveita (7%) koma þar á eftir og siglingar (3%) og flug eru lítil hluti heildarinnar (Mynd 1).


Tafla 1 Áætluð losun gróðurhúsalofttegunda á höfuðborgarsvæðinu árið 2022.

Losunarflokkur	Áætluð losun (tonn CO <sub>2</sub> íg)	Hlutfall losunar (prósent)
Iðnaður og efnanotkun	429.594	30%
Vegasamgöngur	364.892	25%
Landbúnaður og landnotkun	329.252	23%
Staðbundin orkunotkun	170.501	12%
Úrgangur og fráveita	101.985	7%
Siglingar og flug	44.761	3%
<b>Samtals</b>	<b>1.440.986</b>	<b>100%</b>

- Niðurstöður nýrra mælinga gefa til kynna að árangur hafi nást vegna vegsamgangna og vegna úrgangs og fráveitu. Í málaflokkunum hafa átt sér stað miklar fjárfestingar í formi innviða vegna rafbíla og vegna grettistaks í flokkun og minnkun urðunar. Losun vegna úrgangsmála mun minnka á komandi árum og ábati vegna Gaju, gas og jarðgerðarstöð Sorpu, verða sýnilegri í næstu mælingu á losun höfuðborgarsvæðisins.
- Vísbendingar eru um að bílumferð fari vaxandi en auknar áherslur í málaflokkum á næstu árum með bættum almenningssamgöngum og aukinni rafvæðing geta stuðlað að samdrætti í umferð og dregið úr losun.
- Sveitarfélög hafa lítil áhrif á losun vegna iðnaðar og efnanotkunar. Losun frá efnaferlum álframleiðslu fellur undir ETS kerfið svo fjárhagslegur ávinningur er af því fyrir fyrirtækið að minnka þessa losun. Reikna má með að losun minnki smá saman í þessum flokki á næstu árum.
- Losun vegna vegsamgangna er mæld með mismunandi aðferðum fyrir árin 2019 og 2022. Ef sama aðferð er notuð má áætla að losun frá vegasamgöngum hafi minnkað um 7% milli árána. Umferðin er sambærileg á þessum árum og því má rekja þennan loftslagsávinning til orkuskipta. Umferð minnkaði í heimsfaraldrinum en fer vaxandi á ný.



- Losun vegna skipaumferðar og flugs er einvörðungu talin með losun innan hafnarmarka og í flugtaki og hækkun, aðflugi og landingu. Árið 2019 var kolefnisspor siglinga og flugs reiknað út frá eldsneytissölu á höfuðborgarsvæðinu. Niðurstöður eru því ekki sambærilegar. Mikilvægum raftengingum var komið á í höfnum um miðbik og í lok árs 2022 og reikna má með að árangur af þeim aðgerðum skili sér á næstu árum í minni losun frá skipaumferð.
- Heildarlosun vegna landbúnaðar og landnotkunar er reiknuð út með betri aðferðarfræði en 2019. Losunartalan er hærri en ekki sambærileg við fyrra bókhald. Sveitarfélögin geta haft áhrif á losun frá breyttri landnotkun í skipulagsáætlunum. Forðast ætti að raska landgerðum með mikinn kolefnisforða og vinna að gróðurækt á rýru landi.




Mynd 1 Hlutfallsskipting losunar frá höfuðborgarsvæðinu árið 2022.

## 1.2 Innleiðing loftslagsstefnu: ráðgjöf til sveitarfélaganna

- Þá liggur fyrir skýrslan „*Innleiðing loftslagsstefnu höfuðborgarsvæðisins: ráðgjöf og tillögur að aðgerðum sveitarfélaga til að draga úr losun til ársins 2035*“ sem er fylgigagn með mælingu á losun 2022.
- Áhrif sveitarfélaganna á losun er mismikil eftir losunarflokkum og eftir umfangi. Sveitarfélög ættu að leggja áherslu á aðgerðir í þeim losunarflokkum sem þau hafa áhrif á með kjarnastarfsemi sinni.
- Helst geta sveitarfélögin haft áhrif á losun í eigin rekstri, til dæmis með kaupum á rafbílum eða með beitingu loftslagshvata gegnum útboðsskilmála.
- Vegasamgöngur er sá málaflokkur þar sem sveitarfélög geta helst haft áhrif á losun gróðurhúsalofttegunda. Losun mun ekki minnka að ráði nema ferðavenjur breytist og rafvæðing bílaflotans aukist. Innviðir fyrir virkar samgöngur eru nauðsynlegir fyrir þessa samfélagsbreytingu. Þá má einnig hafa mikil áhrif á þennan málaflokk með litlum fjárhagslegum tilkostnaði fyrir sveitarfélagið gegnum skipulagsvaldið, til dæmis með virkri bílastæðastefnu.
- Aðgerðir í þágu loftlagsmála ættu að taka mið af stjórnsýslu og skipuriti sveitarfélaga. Huga þarf að því að hvar einstaka loftslagsaðgerðir eiga best heima og hvernig verkaskiptingu innan sviða/deilda sveitarfélaga er háttað.
- Þegar loftslagsaðgerðum er forgangsraðað ætti að meta kostnað á mótí loftslagsávinningi. Þá getur loftslagsávinningur orðið lykildreyta í fjárhagsstjórnun og stefnumótun sveitarfélaga.
- Spá um þróun samfélagslosunar frá 2022 til 2035 en það eru þeir losunarflokkar sem sveitarfélögin geta haft mest áhrif á, gefa vísbendingar um að losun geti minnkað úr 800.000 CO<sub>2</sub>íg í 500.000 CO<sub>2</sub>íg, ef aðgerðir sveitarfélaganna ganga eftir. Vegsamgöngur verður áfram sá málaflokkur sem stuðlar að mestri losun að óbreyttu.

## 2 Helstu losunarflokkar 2022 - samantekt

### 2.1 Staðbundin orkunotkun



**12%** 170 þús.  
tonn CO<sub>2</sub>íg


Staðbundin orkunotkun	Áætluð losun (tonn CO <sub>2</sub> íg)
Raforka heimila	3.068
Raforka í atvinnurekstri	32.108
Hitaveita	19.483
Fiskveiðar	13.272
Gasnotkun	5.370
Eldsneytisnotkun í landbúnaði (dráttarvélar)	5.332
Eldsneytisnotkun í iðnaði	69.715
Eldsneytisnotkun í byggingariðnaði	22.152
<b>Samtals</b>	<b>170.501</b>

Heildarlosun frá staðbundinni orkunotkun er áætluð 170.501 tonn CO<sub>2</sub>íg, sem er um 12% af heildarlosun höfuðborgarsvæðisins.

Í staðbundinni orkunotkun felst losun vegna raforkunotkunar, hitaveitu, fiskveiða og notkun á jarðefnaeldsneyti í framleiðslu, byggingariðnaði og notkun véla í landbúnaði. Losunin er reiknuð á annan hátt en í bókhaldi ársins 2019. Í þessari mælingu reyndist ekki mögulegt að segja til um hvort losun hafi minnkað eða aukist vegna skorts á áreiðanlegum gögnum.

Sveitarfélög geta unnið að orkusparnaði í eigin rekstri og stuðlað að lægra kolefnisspori í byggingum og framkvæmdum. Losun í þessum flokki er að hluta frá rekstri fyrirtækja og er það á ábyrgð þeirra að vinna að því að minnka losun.

### 2.2 Vegasamgöngur



**25%** 365 þús.  
tonn CO<sub>2</sub>íg

Vegasamgöngur	Fjöldi	Áætluð losun (tonn CO <sub>2</sub> íg)
Fólksbifreiðar	163.666	273.488
Hópbifreiðar	1.528	7.674
Sendibifreiðar	16.345	35.514
Vörubifreiðar	5.890	48.216
<b>Samtals</b>		<b>364.892</b>


Alls losuðu vegasamgöngur innan höfuðborgarsvæðisins um 364.892 tonn CO<sub>2</sub>íg, sem er um 25% af heildarlosun svæðisins.

Losunin er reiknuð á annan hátt en í bókhaldi ársins 2019, svo ekki er hægt að bera tölurnar saman við það bókhald. Hins vegar var losun ársins 2019 endurreiknuð með sömu aðferð og hér er beitt, til þess að fá samanburð. **Þannig má áætla að losun frá vegasamgöngum hafi minnkað um 7% frá 2019 til 2022.** Umferðin er sambærileg á þessum árum og því má rekja þennan loftslagsávinning til orkuskipta. Umferð minnkaði í heimsfaraldrinum en



fer vaxandi á ný. Draga þarf úr bílaumferð og tryggja áframhaldandi orkuskipti til að frekari ávinningur náist.

## 2.3 Skipaumferð og flug



**3%** 45 þús.  
tonn CO<sub>2</sub>íg


Samgöngur	Áætluð losun (tonn CO <sub>2</sub> íg)
Flugumferð	5.939
Skipaumferð	38.822
<b>Samtals</b>	<b>44.761</b>

Losun vegna skipaumferðar og flugs er um 44.761 tonn CO<sub>2</sub>íg, um 3% af heildarlosun höfuðborgarsvæðisins.

Undir flokkinn skipaumferð fellur losun flutningaskipa, skemmtiferðaskipa, hvalaskoðunar-skipa og ferja. Fiskiskip falla undir flokkinn staðbundin orkunotkun.

Vert er að nefna að hér er einvörðungu talin með losun innan hafnarmarka og í flugtaki og hækkun, aðflugi og landingu. Árið 2019 var kolefnisspor siglinga og flugs reiknað út frá eldsneytissölu á höfuðborgarsvæðinu. Þannig var talin með losun í millilandasiglingum og langflugi, sem ekki eru forsendur til að reikna út nú. Niðurstöður eru því ekki sambærilegar. Mikilvægum raftengingum var komið á í höfnum um miðbik og í lok árs 2022 og reikna má með að árangur af þeim aðgerðum skili sér á næstu árum í minni losun frá skipaumferð.

## 2.4 Úrgangur og fráveita



**7%** 102 þús.  
tonn CO<sub>2</sub>íg


Úrgangur og fráveita	Áætluð losun (tonn CO <sub>2</sub> íg)
Úrgangur	98.347
Fráveita	3.638
<b>Samtals</b>	<b>101.985</b>

Heildarlosun vegna úrgangs og fráveitu er áætluð 101.985 tonn CO<sub>2</sub>íg, sem er um 7% af heildarlosun höfuðborgarsvæðisins.

Í þessari skýrslu eru útreikningar í samræmi við losunarbókhald Íslands og niðurstöður því ekki sambærilegar við bókhald höfuðborgarsvæðisins frá 2019. Á sama tíma hafa Sorpa og sveitarfélögin lyft grettistaki í úrgangsmálum. Þar sem urðaður úrgangur heldur áfram að losa metan árum saman, verður árangurinn ekki sýnilegur í losunartölum undir eins. Hins vegar munu losunartölur frá urðun nú lækka ár frá ári, jafnvel án frekari aðgerða. Árið 2023 hófst sérsöfnun á lífrænum úrgangi frá heimilum sem er meðhöndlaður í gas- og jarðgerðarstöðinni GAJU. Losun frá úrgangi mun því minnka enn frekar komandi árum. Niðurstöður fyrir losun frá fráveitu eru einnig töluvert lægri en ekki sambærilegar við

bókhaldið frá 2019. Mismuninn má rekja til þess að forsendur gefa nú til kynna að ekki þurfi að reikna með metanmyndun frá fráveituvatni sem losað er í Faxaflóa.

## 2.5 Landbúnaður og landnotkun



**23%** 329 þús.  
tonn CO<sub>2</sub>íg

Landbúnaður og landnotkun	Áætluð losun (tonn CO <sub>2</sub> íg)
Landnotkun	318.756
Landbúnaður	10.496
<b>Samtals</b>	<b>329.252</b>


Heildarlosun vegna landbúnaðar og landnotkunar er 329.252 CO<sub>2</sub>íg, sem er um 23% af heildarlosun frá höfuðborgarsvæðinu.

Betri gögn og aðferðir eru fyrir hendi nú en í fyrra bókhaldi til þess að reikna út losun frá landnotkun. Losunartalan er hærri en ekki sambærileg við fyrra bókhald.

Landbúnaður á höfuðborgarsvæðinu er ekki umfangsmikill og áætluð losun er minni en árið 2019.

Sveitarfélögin geta haft áhrif á losun frá breyttri landnotkun í skipulagsáætlunum. Forðast ætti að raska landgerðum með mikinn kolefnisforða og vinna að gróðurækt á rýru landi. Hægt er að setja fram núlllosunarstefnu í landnotkun þannig að þegar landi er raskað er ræktað upp eða land endurheimt á öðru svæði svo heildarlosun aukist ekki.

## 2.6 Iðnaður og efnanotkun



**30%** 430 þús.  
tonn CO<sub>2</sub>íg

Iðnaður og efnanotkun	Áætluð losun (tonn CO <sub>2</sub> íg)
Iðnaður	300.439
Efnanotkun	129.156
<b>Samtals</b>	<b>429.594</b>

Losun vegna iðnaðar og efnanotkunar er 429.594 CO<sub>2</sub>íg, sem er um 30% heildarlosunar frá höfuðborgarsvæðinu.

Hér er talin losun frá iðnaðarferlum í stóriðju og tiltekinna efna sem eru öflugar gróðurhúsalofttegundir og eru einkum notuð sem kælimiðlar í skipum, matvælaframleiðslu og verslunum.

Losunin hefur aukist frá árinu 2019 en iðnaðarlosun er sveiflukennnd, háð rekstraraðstæðum og fleiri þáttum. Sveitarfélög hafa lítil áhrif á losun í þessum flokki og er það á ábyrgð fyrirtækja að vinna að bættum framleiðsluferlum sem takmarka losun og skipta út efnunum fyrir önnur sem valda minni umhverfisáhrifum. Slíkum valkostum fjölgar, einkum fyrir kælimiðla. Losun frá efnaferlum álframleiðslu fellur undir ETS kerfið svo fjárhagslegur



ávinningur er af því fyrir fyrirtækið að minnka þessa losun. Reikna má með að losun minnki smám saman í þessum flokki á næstu árum.

## 2.7 Mismunur á aðferðum frá fyrra bókhaldi 2019

Árið 2019 var kolefnisspor höfuðborgarsvæðisins áætlað 1.834.732 tonn CO<sub>2</sub>íg (Envionice, 2021) en er í ár 1.440.986 tonn CO<sub>2</sub>íg. Vert er að undirstrika að aðferðafræðin er svo ólík að ekki er hægt að bera saman niðurstöður þessara tveggja skýrslna að öllu leyti. Í viðauka er yfirlit yfir þá undirkafla þar sem aðferðir hafa breyst.

Stærsti munurinn er að árið 2019 var hægt að fá sölutölur eldsneytis sundurgreindar eftir pósthúmerum. Þau gögn eru ekki lengur aðgengileg eftir að Flutningsjöfnunarsjóður var lagður niður og því varð að byggja á öðrum aðferðum.

Skýrasta dæmið er kolefnisspor siglinga sem eru árið 2022 reiknuð aðeins einn tífundluti þess sem var gefið upp fyrir árið 2019. Með aðferðinni sem þá var beitt, var reiknuð losun af öllu eldsneyti sem selt var innan svæðisins til siglinga. Í þessari skýrslu er einungis áætlað kolefnisspor innan hafnarmarka.

Fyrir samgöngur gefur aðferðin sem nú er beitt sennilega nákvæmari niðurstöðu en í fyrra bókhaldi. Fyrir staðbundna orkunotkun er erfiðara að nálgast gögn um eldsneytisnotkun og nokkur óvissa í tölum sem hér koma fram.


## 2.8 Samfélagslosun, ETS og landnotkun

Í alþjóðasamningum er losun skipt í þrjá flokka, (i) samfélagslosun sem verður af daglegum störfum íbúa, (ii) ETS (e. emission trading system) kerfið fyrir losunarheimildir og (iii) landnotkun, breytt landnotkun og skógrækt (LULUCF, e. land use, land use change and forestry) (Mynd 2 og Tafla 2). Sveitarfélög hafa mesta möguleika á að hafa áhrif á samfélagslosun og breytta landnotkun.

Tafla 2 Samfélagslosun, ETS viðskiptakerfið og landnotkun (LULUCF).

	Losunarflokkur	Áætluð losun (tonn CO <sub>2</sub> íg)
Samfélagslosun	Vegasamgöngur	364.892
	Staðbundin orkunotkun	170.501
	Efnanotkun	129.156
	Úrgangur	101.985
	Siglingar og flug	44.761
	Landbúnaður	10.496
ETS viðskiptakerfi	Efnaferlar í álframleiðslu	300.439
Landnotkun (LULUCF)	Landnotkun	318.756
<b>Samtals</b>		<b>1.440.986</b>

Samfélagslosun er á beinni ábyrgð Íslands. ETS kerfið með losunarheimildir setur fjárhagslega hvata til að minnka losun. Undir viðskiptakerfi fellur stóriðja og millilandaflug en samgöngur á sjó munu færast í viðskiptakerfi innan tíðar. Losun frá landnotkunin er háð náttúru og vistkerfum í hverju landi svo alþjóðleg markmið um að draga úr losun gilda ekki á sama hátt um þennan flokk. Eins og er, þarf að sjá til þess að losunin aukist ekki. Fyrirsjáanlegt er að strangari markmið verði sett á næstu árum, þar sem draga þarf úr losun og auka bindingu t.d. með skógrækt.



Mynd 2 Samfélagslosun, ETS viðskiptakerfið og landnotkun (LULUCF). Sjósamgöngur verða hluti af viðskiptakerfi á næstu árum.



### 3 Um kolefnisbókhald

Kolefnisbókhald er aðferðafræði sem er notuð til að áætla hversu mikið losnar af gróðurhúsalofttegundum innan svæðis á einu ári. Horft er til losunar sem hlýst af starfsemi sveitarfélaganna og einnig losun sem verður vegna ferða og amsturs íbúa, framleiðslufyrirtækja og atvinnustarfsemi innan svæðisins. Losun vegna starfsemi sveitarfélaganna er hluti af þessu mengi en er ekki sundurgreind frá heildinni.

Útreikningar eru gerðir fyrir árið 2022 en hluti gagna sem þarf til að vinna kolefnisbókhaldið liggur ekki fyrir fyrr en ári síðar, jafnvel síðar.

Losunarbókhaldið fyrir árið 2022 byggir, líkt og í fyrri reikningum fyrir árið 2019, á svonefndum samfélagsleiðarvísi GCP (*Global Protocol for Community-Scale Greenhouse Gas Emission Inventories*) sem World Resources Institute gaf út í samvinnu við ICLEI og C40 Cities18.). Leiðarvísirinn er notaður fyrir losunarbókhald borga og bæja um allan heim (Greenhouse Gas Protocol, 2019).


Talin er fram losun sjö gróðurhúsalofttegunda; koldíoxíð ( $\text{CO}_2$ ), metan ( $\text{CH}_4$ ), glaðloft ( $\text{N}_2\text{O}$ ), vetnisflúorkolefni (HFC), perflúorkolefni (PFC), brennisteinshexaflúoríð ( $\text{SF}_6$ ) og köfnunarefnistríflúoríð ( $\text{NF}_3$ ). Losunin er gefin upp í koldíoxíð ígildum ( $\text{CO}_2\text{íg}$ ) þar sem tekið er tillit til hlýnunarmáttar lofttegundanna (Umhverfisstofnun, 2024). Hér eru notaðir stuðlar fyrir hlýnunarmátt (Global Warming Potential, GWP) úr fimmtu skýrslu loftslagsnefndar Sameinuðu þjóðanna (IPCC, 2014). Þetta er í samræmi við nýjustu útgáfu landsbókhalds Íslands. Við útreikningana eru einnig notaðir nýjustu losunarstuðlar Umhverfisstofnunar þar sem það á við (Umhverfisstofnun, 2024). Hvort tveggja er breyting frá fyrra bókhaldi höfuðborgarsvæðisins en nýir stuðlar valda ekki umtalsverðum mun á niðurstöðum.

Losun gróðurhúsalofttegunda skipt í umfang (e. scope) 1, 2 og 3 eftir því hvar losun verður landfræðilega (Mynd 3).

- Umfang 1 er losun gróðurhúsalofttegunda frá uppsprettum sem eru innan borgarmarka eins og samgöngur, landbúnaður og iðnaðarlosun.
- Umfang 2 er losun gróðurhúsalofttegunda vegna framleiðslu rafmagns, hita eða gufu sem notuð er innan borgarmarka og er dreift með veitu- eða dreifikerfi.
- Umfang 3 er öll önnur losun utan borgarmarka sem þjónar þörfum íbúa eða fyrirtækja hér, t.d. vörur sem við kaupum, sem ekki eru framleiddar hér.



### SVÆÐISBUNDIÐ KOLEFNISSPOR



Mynd 3 Skipting losunar í umfang 1, 2 og 3, skv. aðferðafræði GPC (World Resources Institute, 2014).

Aðferðafræðin sem hér er notuð gefur kost á að velja umfang bókhaldsins. Annars vegar er einfalt bókhald (BASIC) með áherslu á orkunotkun, samgöngur og úrgang sem fellur til innan svæðisins og hins vegar ítarlegra bókhald (BASIC+) sem tekur yfir fleiri losunarflokka, eins og iðnað, efnanotkun, landbúnað og landnotkun. Líkt og í bókhaldi fyrir árið 2019 er valið að vinna með BASIC+.

Aðferðafræðin sem hér er notuð hefur áherslu á útreikninga á losun innan umfangs 1 og 2. Losun sem á sér stað utan sveitarfélagamarka er að mestu ótalin í þessu bókhaldi. Sem dæmi eru stálbitar í byggingarframkvæmdum og fódurbætir fyrir kýr framleiddir utan svæðisins. Meirihlutinn af kolefnisspori matar sem við borðum, fata sem við klæðumst og kvikmynda sem við horfum á er ótalin hér. Því þarf að hafa í huga að þetta bókhald segir ekki alla söguna um losun af völdum íbúa og fyrirtækja á svæðinu.

Ekki er hlapið að því að greina kolefnisspor ákveðinna atvinnugreina út frá bókhaldinu, því flestum rekstri fylgir losun í fleiri en einum flokki. Sem dæmi þá hlýst losun á kúabúi af iðragerjun og mykju sem færast í landbúnaðarflokkinn, dráttarvélar og aðrar búvélar færast í flokkinn staðbundin orkunotkun en mjólkurbíll og aðföng falla undir samgöngur. Við byggingarframkvæmdir fellur grafan sem grefur húsgrunninn í flokkinn staðbundin orkunotkun en flutningabíllinn sem keyrir jarðefnin burt fellur undir samgöngur.



## 4 Höfuðborgarsvæðið

Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu eru Garðabær, Hafnarfjörður, Kjósarhreppur, Kópavogur, Mosfellsbær, Reykjavík og Seltjarnarnes. Þann 1. janúar 2022 bjuggu 233.364 íbúar á svæðinu. Íbúum á svæðinu hafði fjölgað um 10.383, eða 4,7%, síðan 1. janúar 2019. Í töflu 3 er yfirlit yfir fjölda íbúa í sveitarfélögunum. Alls bjuggu 64% landsmanna á höfuðborgarsvæðinu.

Tafla 3 Íbúafjöldi á höfuðborgarsvæðinu 1. janúar 2019 og 1. jan. 2022 og hlutfallsleg breyting milli ára. Þessar tölur eru sóttar eftir að Hagstofan leiðrétti og endurútgaf tölur fyrir íbúafjölda í mars 2024. Heimild: Hagstofan.

Sveitarfélag	Fjöldi íbúa 2019	Fjöldi íbúa 2022	Breyting milli ára
Reykjavíkurborg	125.360	130.638	4,2%
Kópavogsbær	36.295	38.056	4,9%
Hafnarfjarðarkaupstaður	29.227	29.047	-0,6%
Garðabær	16.015	18.047	12,7%
Mosfellsbær	11.286	12.768	13,1%
Seltjarnarnesbær	4.565	4.573	0,2%
Kjósarhreppur	233	235	0,9%
<b>Samtals</b>	<b>222.981</b>	<b>233.364</b>	<b>4,7%</b>

Sveitarfélögin vinna saman að margvíslegum málefnum og verkefnum. Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu hafa forgöngu um gerð svæðisskipulags fyrir svæðið og leiða ýmis sameiginleg verkefni. Sveitarfélögin veita ýmsa þjónustu sameiginlega í gegnum byggðasamlög, á borð við Sorpu og Strætó, og opinber fyrirtæki á borð við Veitur.

Eins og títt er um höfuðborgarsvæði, einkennist efnahagur svæðisins að miklu leyti af þjónustugreinum. Ferðaþjónusta setur svip á atvinnulífið með þjónustu eins og veitingastöðum og gistingu. Einnig starfa margir við sérhæfða þjónustu, til dæmis í fjármálum eða tæknigeira. Af frumvinnslugreinum má nefna að allnokkrir togarar og bátar gera út og landa í Reykjavík og Hafnarfirði. Nokkur landbúnaður er í Reykjavík, Kjós og Mosfellsbæ, einkum þaueldi með fugla og svín. Af iðnfyrirtækjum ber helst að nefna álverði í Straumsvík og fjölda smærra iðnfyrirtækja í ólíkri framleiðslu og þjónustu.



## 5 Staðbundin orkunotkun

Í flokknum staðbundin orkunotkun er talin losun vegna raforkunotkunar, hitaveitu, fiskveiða og notkun á jarðefnaeldsneyti í framleiðslu, byggingariðnaði og notkun véla í landbúnaði.

Í daglegu tali er meðfylgjandi oft flokkað í aðra flokka og er vert að nefna að fiskiskip falla ekki undir samgöngur, dráttarvélar falla ekki undir landbúnað og ýmsar vinnuvélar eins og gröfur og kranar sem eru notaðar staðbundið falla ekki undir vegsamgöngur.

Losunin er reiknuð á annan hátt en í bókhalda ársins 2019. Hér er áætlað að losunin hafi minnkað nokkuð en það gæti stafað af ólíkum aðferðum við útreikninga eða að orkusparnaður hafi nást.

Sveitarfélög geta unnið að orkusparnaði í eigin rekstri og stuðlað að orkuskiptum á byggingarstöðum í eigin framkvæmdum. Losun í þessum flokki er að hluta frá rekstri fyrirtækja og er það á ábyrgð þeirra að vinna að því að minnka losun.

Heildarlosun frá staðbundinni orkunotkun er áætluð 170.501 tonn CO<sub>2</sub>íg (Tafla 4).

Tafla 4 Áætluð losun frá staðbundinni orkunotkun á höfuðborgarsvæðinu árið 2022.

Staðbundin orkunotkun	Áætluð losun (tonn CO <sub>2</sub> íg)
Raforka heimila	3.068
Raforka í atvinnurekstri	32.108
Hitaveita	19.483
Fiskveiðar	13.272
Gasnotkun	5.370
Eldsneytisnotkun í landbúnaði (dráttarvélar)	5.332
Eldsneytisnotkun í iðnaði	69.715
Eldsneytisnotkun í byggingariðnaði	22.152
<b>Samtals</b>	<b>170.501</b>

### 5.1 Raforkunotkun

Raforkunotkun er í framleiðslustarfsemi, þjónustufyrirtækjum, innviðum sveitarfélagsins, stofnunum og heimilum. Gögn um raforkunotkun eftir ÍSAT-flokkum fengust frá Orkustofnun (2023). Mest er notkunin í flokknum framleiðslu- og veitustarfsemi, eða 77% af raforkunotkun. Þar af notar einn stórnotandi, álverið í Straumsvík, 69% af allri raforku á höfuðborgarsvæðinu, alls 3.183.094 MWst. Heimilin nota um 9% af allri raforku á höfuðborgarsvæðinu. Talið er fram afl sem tapast vegna viðnáms í flutningskerfinu. Flutningstöp námu 2% árið 2022, samkvæmt ársskýrslu Landsnets (Landsnet, 2023).

Umhverfisstofnun reiknar losunarstuðla fyrir raforku út frá samsetningu á orku framleidd með vatnsaflí annars vegar og jarðvarma hins vegar. Í fyrri útgáfum losunarstuðla Umhverfisstofnunar hefur hitaveita verið metin sem hliðarafurð raforkuframleiðslu og haft núlllosun til þess að forðast tvítalningu en raforkan borið þeim mun hærri losun. Í nýjustu losunarstuðlunum er þessu öfugt farið (Umhverfisstofnun, 2024). Einnig er opnað fyrir það að nýta svæðisbundna losunarstuðla. Því voru nýttir losunarstuðlar sem Veitur gefa út, þar sem OR-samstæðan er ráðandi í framleiðslu og sölu á rafmagni og heitu vatni á svæðinu. Því er reiknað með 7,6 gr CO<sub>2</sub>íg/kwst (Veitur, 2023).



Orkunotkun rafbíla færast í samgönguflokkinn en gera má ráð fyrir skekkju í skráningunni því víða er hleðslustöð fyrir bíla á sama mæli og almenn raforkunotkun, bæði hjá heimilum og fyrirtækjum. Því má ætla að hluti af samgöngunotkun sé skráð sem fyrirtækis- eða heimilisnotkun. Þetta hefur ekki áhrif á heildarniðurstöðu bókhaldsins, einungis flokkunina.

Losun vegna raforku í flokknum staðbundin orkunotkun var 35.176 tonn CO<sub>2</sub>íg (Tafla 5).

Tafla 5 Raforkunotkun eftir notkunarflokki og áætluð losun á höfuðborgarsvæðinu árið 2022.

Notkun (ÍSAT flokkar)	Orkunotkun (MWst)	Áætluð losun (tonn CO <sub>2</sub> íg)
Framleiðsla, námugróftur, veitustarfsemi og meðhöndlun úrgangs	3.564.996	27.094
Heimilisnotkun	403.727	3.068
Heildsala og verslun, samgöngur og geymslusvæði, rekstur veitinga- og gististaða	242.719	1.845
Ýmis sérhæfð þjónusta	166.669	1.267
Opinber stjórnýsla, fræðslustarfsemi, heilbrigðis- og félagsþjónusta	130.701	993
Önnur starfsemi	56.598	430
Upplýsingar og fjarskipti	26.927	205
Landbúnaður, skógrækt og fiskveiðar	23.807	181
Fjármála- og váttryggingastarfsemi	12.286	93
<b>Samtals</b>	<b>4.628.430</b>	<b>35.176</b>

## 5.2

### Hitaveita

Á höfuðborgarsvæðinu kemur 63% af heitu vatni frá jarðhitavirkjunum og 37% frá lághitasvæðum eins og Laugardalnum. Við útreikninga eru notaðir losunarstuðlar frá Veitum og reiknað er með 237,8 g CO<sub>2</sub>/m<sup>3</sup> fyrir heitt vatn (Veitur, 2023). Magntölur eru fengnar úr Vatnsvinnsluskýrslu Veitna fyrir Reykjavík 2022 og frá Seltjarnarnesbæ (Simon Klüpfel og Bjarni Reykr Kristjánsson, 2023 og Seltjarnarnesbær, 2024).

Losun vegna hitaveitu er áætluð 19.482 tonn CO<sub>2</sub>íg (Tafla 6).

Tafla 6 Framleiðsla og áætluð losun hjá hitaveitu á höfuðborgarsvæðinu árið 2022.

Svæði	Eðli svæðis	Framleiðsla (Gígalítrar)	Áætluð losun (tonn CO <sub>2</sub> íg)
Laugarnes	Lághitasvæði	3,74	889
Ellidáur	Lághitasvæði	2,56	609
Reykir	Lághitasvæði	9,84	2340
Reykjahlíð	Lághitasvæði	13,1	3115
Nesjavellir	Virkjanasvæði	31,66	7529
Hellisheiði	Virkjanasvæði	18,93	4502
Seltjarnarnes	Lághitasvæði	2,1	499
<b>Samtals</b>		<b>81,93</b>	<b>19.482</b>



### 5.3 Fiskveiðar

Losun frá fiskveiðum fellur undir staðbundna orkunotkun. Önnur skip falla undir samgöngur, þ.e. flutningaskip, skemmtiferðaskip, hvalaskoðunarskip og ferjur.

Reiknuð er losun frá skipaumferð frá hafnsögumörkum og inn í höfn, í viðlegu og síðan útstím aftur út að hafnsögumörkum (Mynd 4). Þannig er losun á fiskimiðum haldið utan við bókhald hafnarinnar. Hér er byggt á útstremisbókhaldi Faxaflóahafna (Priestley, M. og Parsmo, R., 2022) sem nýtir skráningu á umferð um höfnina og losun er metin út frá vélarstærð hvers skips sem kemur inn í höfn. Fyrir flokkinn fiskveiðar eru notaðar tölur fyrir fiskiskip og -báta í Reykjavíkurböfn og Sundahöfn.

Við útreikning fyrir Hafnarfjarðarhöfn voru notaðar upplýsingar um fjölda skipakoma í höfnunum og gerð skipa og meðaltalslosun var áætluð út frá gögnum í losunarbókhaldi Faxaflóahafna þar sem miðað var við losun fiskiskipa í Reykjavíkurböfn. Helsta óvissan við þessa aðferð er að fjarlægð frá innri höfn að mörkum ytri hafnar er mismunandi milli hafna og ekki er miðað við vélarstærð hvers skips, líkt og liggur fyrir hjá Faxaflóahöfnum.



Mynd 4 Mörk ytri hafnar í Reykjavíkurböfn og Sundahöfn (Priestly, M. Og Parsmo, R., 2022).

Heildarlosun vegna komu og löndunar fiskiskipa er áætluð 13.272 tonn CO<sub>2</sub>íg (Tafla 7).

Tafla 7 Skipakomur og áætluð losun fiskiskipa í Faxaflóahöfnum og Hafnarfjarðarhöfnum árið 2022.

Höfn	Komur fiskiskipa	Losunarstuðull (Meðaltalslosun)	Áætluð losun (tonn CO <sub>2</sub> íg)
Reykjavíkurböfn	310	19,4	6.014
Hafnarfjarðarhöfn	294	19,4	5.700
Straumsvíkurböfn Hafnarfirði	0	0,0	0
Sundahöfn Reykjavík	70	22,3	1.558
<b>Samtals</b>	<b>674</b>		<b>13.272</b>





## 5.4 Gasnotkun fyrir eldun, grill og iðnað

Tölur yfir gasnotkun á landinu öllu fengust frá Orkustofnun (Jón Ásgeir Haukdal Þorvaldsson, Orkustofnun, 2024). Gasnotkun er hér skipt eftir höfðatölu, nema í flokknum „framleiðsla og vinnsla málma“ þar sem upplýsingarnar eru aðgengilegar í grænu bókhaldi ISAL (Rio Tinto, 2023). Reiknað er með að 2,99 kg CO<sub>2</sub>íg losni á hvert kíló af gasi (Umhverfisstofnun, 2024).

Heildarlosun vegna gasnotkunar er áætluð 5.370 tonn CO<sub>2</sub>íg (Tafla 8)

Tafla 8 Áætluð losun vegna gasnotkunar fyrir eldun, grill og iðnað á höfuðborgarsvæðinu árið 2022.

Notkunarflokkur	Gasnotkun (tonn)	Áætluð losun (tonn CO <sub>2</sub> íg)
Heimili og þjónusta	1.014	3.032
Framleiðsla og vinnsla málma	593	1.773
Annar iðnaður og landbúnaður	189	565
<b>Samtals</b>	<b>1.797</b>	<b>5.370</b>

## 5.5 Staðbundin eldsneytisnotkun í framleiðsluiðnaði

Ekki er lengur hægt að fá eldsneytistökur sundurgreindar eftir sölustað, líkt og við gerð bókhaldsins 2019, svo örðugt er að meta hlut höfuðborgarsvæðisins í eldsneytisnotkun til framleiðslu. Gerð var tilraun til að safna upplýsingum úr grænu bókhaldi fyrirtækja en mörg þeirra nýta sér undanþágu um framleiðsluleynd og gefa ekki upp magntölur.

Eldsneytisnotkun í framleiðsluiðnaði er reiknuð með því að fá gögn um landsnotkun og hlutur höfuðborgarsvæðisins fundinn út frá höfðatölu. Ókosturinn við þessa aðferð er meðal annars sá að loftslagsávinningur vegna umhverfisbóta fyrirtækja á höfuðborgarsvæðinu skilar sér ekki í loftslagsbókhald svæðisins.

Heildarlosun vegna eldsneytisnotkunar í framleiðsluiðnaði er áætluð 69.715 tonn CO<sub>2</sub>íg (Tafla 9)

Tafla 9 Áætluð losun vegna eldsneytisnotkunar í framleiðsluiðnaði á höfuðborgarsvæðinu árið 2022.

Eldsneytisgerð	Magn eldsneytis (tonn)	Áætluð losun (tonn CO <sub>2</sub> íg)
Dísilolía	5.990	19.409
Flotadísilolía	6.237	20.207
Skipagasolía	5.586	18.098
Svartolía	1.731	5.469
Úrgangsolía	2.965	6.532
<b>Samtals</b>		<b>69.715</b>

## 5.6 Staðbundin eldsneytisnotkun í byggingariðnaði

Til að meta notkun eldsneytis í byggingariðnaði voru fengnar magntölur um eldsneytisnotkun frá Orkustofnun og hlutur höfuðborgarsvæðisins fundinn út frá höfðatölu. Samkvæmt Orkustofnun er eldsneytisnotkun í flokknum „byggingariðnaður“ mögulega vantalin, því hluti litaðrar olíu vinnuvéla sé ranglega skráður í flokkinn „bifreiðar“ (Jón Ásgeir Haukdal Þorvaldsson, 2024). Unnið er í að bæta skráningu.

Heildarlosun vegna eldsneytisnotkunar í byggingariðnaði er áætluð 22.152 tonn CO<sub>2</sub>íg (Tafla 10).



Tafla 10 Áætluð losun vegna staðbundinnar eldsneytisnotkunar í byggingariðnaði á höfuðborgarsvæðinu árið 2022.

Staðbundin eldsneytisnotkun í byggingariðnaði	Magn eldsneytis (tonn)	Áætluð losun (tonn CO <sub>2</sub> íg)
Dísilólfa	6.837	22.152
<b>Samtals</b>		<b>22.152</b>

## 5.7

### Staðbundin eldsneytisnotkun í landbúnaði

Í gögnum frá Orkustofnun er ekki gefin upp eldsneytisnotkun í landbúnaði sérstaklega. Hér var farin sama leið og í fyrri útgáfu kolefnisbókhaldsins 2019 (Environice, 2021) og eldsneytisnotkun áætluð út frá fjölda skráðra dráttarvéla á höfuðborgarsvæðinu. Skráningartölur voru sóttar í mælaborð Samgöngustofu. Ökutæki sem skráð eru sem dráttarvélar með bensínvél eru af margvíslegum toga en mörg eru í raun fjórhjól. Hluti þeirra er sennilega í notkun í landbúnaði en ætla má að á höfuðborgarsvæðinu sé meirihlutinn ætlaður til ferðalaga eða skemmtunar. Erfitt er að áætla meðalnotkun fyrir svo fjölbreyttan tækjakost og notkun. Því voru eingöngu teknar með dráttarvélar með díselvél. Allmargar dráttarvélar eru í eigu sveitarfélaga eða einkafyrirtækja sem ekki starfa í landbúnaði en engar forsendur eru til þess að deila fjöldanum eftir geirum. Hér er því farin sú leið að skrá alla þessa notkun í landbúnaðarflokkinn. Líkt og í fyrri kolefnisbókhaldi er áætluð meðalnotkun á dráttarvél 1,3 tonn af díselolíu á ári (Environice, 2021).

Heildarlosun vegna notkunar dráttarvéla í landbúnaði er áætluð 5.332 tonn CO<sub>2</sub>íg (Tafla 11).

Tafla 11 Áætluð losun vegna dráttarvéla í landbúnaði á höfuðborgarsvæðinu árið 2022.

	Fjöldi	Magn eldsneytis (tonn)	Áætluð losun (tonn CO <sub>2</sub> íg)
Dráttarvélar	1.266	1.646	5.332
<b>Samtals</b>	<b>1.266</b>	<b>1.646</b>	<b>5.332</b>



## 6 Samgöngur

Undir flokkinn samgöngur falla vegasamgöngur, skipaumferð (önnur en fiskveiðar) og flugumferð. Í samantekt og umfjöllun um niðurstöður er flokknum skipt í tvennt til að draga fram þátt vegsamgangna.

Fyrir vegasamgöngur eru ekki aðgengileg gögn sem notuð voru við útreikninga á losun fyrir árið 2019. Niðurstöður er þó nokkuð sambærilegar og áætlað er að losun frá vegasamgöngum hafi minnkað um 7% milli ára 2019 til 2022. Umferðarmagn er sambærilegt á þessum árum og orkuskipti skila því árangri með minni losun. Umferð minnkaði í heimsfaraldrinum en fer vaxandi. Vinna þarf markvisst að breyttum samgönguvenjum og orkuskiptum til að tryggja áframhaldandi árangur.

Fyrir skipaumferð eru nú aðgengileg ítarlegri gögn en fáanleg voru fyrir árið 2019. Niðurstöður eru ekki sambærilegar, því umfang eldsneytisnotkunar sem talin er með nú er mun minna en fyrir árið 2019, þegar talin var með losun vegna alls eldsneytis sem selt var til skipa. Rafvæðing í höfnum var stutt komin árið 2022 og reikna má með að árangur af þeim aðgerðum skili sér á næstu árum í minni losun frá skipaumferð.

Losun frá samgöngum árið 2022 er áætluð 409.653 tonn af CO<sub>2</sub>íg (Tafla 12).

Tafla 12 Losun frá samgöngum á höfuðborgarsvæðinu árið 2022.

Samgöngur	Áætluð losun (tonn CO <sub>2</sub> íg)
Vegasamgöngur	364.892
Siglingar og flug	44.761
<b>Samtals</b>	<b>409.653</b>

### 6.1 Vegasamgöngur

Ný aðferð var notuð til að reikna út losun frá vegasamgöngum. Henni er gerð nánari skil í viðauka. Samgöngulíkan höfuðborgarsvæðisins (SLH) er notað til að áætla heildarumferð í eknum kílómetrum og hlutur orkugjafa metinn út frá gögnum Samgöngustofu.

Notuð eru eftirfarandi gögn við útreikninga:

- Heildarumferð úr SLH skipt á flokkana fólksbílar, sendibílar, almenningsamgöngur og vöruflutningabílar (auk hjóla, sem ekki koma við sögu í þessum útreikningum) (Mannvit og COWI, 2020).
- Fjöldi ökutækja á höfuðborgarsvæðinu eftir flokkum og orkugjöfum úr ökutækjaskrá Samgöngustofu.
- Meðalakstur á höfuðborgarsvæðinu eftir flokkum og orkugjöfum frá Samgöngustofu, til að reikna fjölda kílómetra sem eknir eru með hverjum flokki og orkugjafa (raffólksbílar, díselfólksbílar o.s.frv).
- Reiknuð er losun á hvern ekinn kílómetra, með 6. útgáfu losunarstuðla Umhverfisstofnunar (2024), með einni undantekningu þó þar sem notaður er sami losunarstuðull fyrir alla tvinnbíla frá fyrri útgáfum losunarstuðlanna.

Með þessum gögnum er reiknað út hlutfall hvers orkugjafa af heildarakstri hvers flokks og heildarakstri á höfuðborgarsvæðinu er skipt niður eftir orkugjöfum. Losun er áætluð með losunarstuðlunum.

Hér er aðeins áætluð losun í umfangi 1, vegna ferða innan borgarinnar (Geographic / Territorial Method, GPC). Ekki er unnt að reikna losun í umfangi 3, þ.e. fyrir ferðir sem byrja eða enda utan höfuðborgarsvæðisins er hér aðeins tekinn með sá hluti ferðar sem er innan



svæðisins. Í flokkinn fólksbifreiðar eru færð inn 58 tonn CO<sub>2</sub>íg vegna hraðhleðslustöðva, sem vísað var til í kaflanum um staðbundna orkunotkun. Þessi losun er í umfangi 2. Ekki er hægt að sundurgreina hleðslu rafbíla við heimili og fyrirtæki frá annarri heimilis- og rekstrarnotkun.

Alls losuðu vegasamgöngur innan höfuðborgarsvæðisins um 364.892 tonn af CO<sub>2</sub>íg árið 2022 (Tafla 13).

Tafla 13 Áætluð losun frá vegasamgöngum á höfuðborgarsvæðinu árið 2022.

	Fjöldi	Áætluð losun (tonn CO <sub>2</sub> íg)
Fólksbifreiðar	163.666	273.488
Hópbifreiðar	1.528	7.674
Sendibifreiðar	16.345	35.514
Vörubifreiðar	5.890	48.216
<b>Samtals</b>		<b>364.892</b>

## 6.2 Skipaumferð


Undir flokkinn skipaumferð fellur losun flutningaskipa, skemmtiferðaskipa, hvalaskoðunar-skipa og ferja. Fiskiskip falla undir flokkinn staðbundin orkunotkun.

Reiknuð er losun skipa í viðlegu og umferð inn og út úr höfn frá hafnsögumörkum. Þannig er losun utan ytri hafnsögumarka haldið utan við bókhaldið. Hér er byggt á útstreymisbókhaldi Faxaflóahafna (Priestley, M. og Parsmo, R., 2022) sem byggir á skráningu á umferð um höfnina. Losun er metin út frá vélarstærð hvers skips sem kemur inn í höfn. Notaðar eru tölur um losun við brennslu eldsneytis (tank-to-wheel) en ekki losun á heildarlífsferli olíu frá vöggju til grafar (well-to-wheel). Einnig ætti að meta losun alla leið á áfangastað, vegna skipaumferðar sem hefur höfuðborgarsvæðið sem upphafs- eða áfangastað og skrá sem umfang 3. Ekki eru forsendur til þess, nú þegar ekki er hægt að fá eldsneytistölu sundurgreindar eftir sölustað.

Fyrir Hafnarfjarðarhöfn voru notuð gögn um fjölda skipakoma í hafnirnar og gerð skipanna. Losun var áætluð sem meðaltalslosun sambærilegra skipa í losunarbókhaldi Faxaflóahafna (Tafla 14). Miðað er við að farþegaskip sem leggja að í Reykjavíkurböfn séu nokkuð sambærileg þeim sem leggja að í Hafnarfjarðarhöfn (Lúðvík Geirsson, 2023). „Önnur skip“ í Hafnarfirði eru aðallega skip Hafrannsóknarstofnunar. Í Reykjavíkurböfn koma einnig meðal annars skip bæði íslensku og dönsku landhelgisgæslunnar. Losun eftir skipategundum er á Mynd 5, heimildir eru útstreymisbókhald Faxaflóahafna (Priestley, M. og Parsmo, R., 2022) og gögn frá Hafnarfjarðarhöfn (Hafnarfjarðarhöfn, 2023).

Tafla 14 Helstu flokkar skipa sem leggja að í Hafnarfjarðarhöfnum og hvaða skipakomur eru metnar sambærilegar í losunarbókhaldi Faxaflóahafna.

Hafnarfjarðarhöfn	Sambærilegar skipakomur í Faxaflóahöfnum
Lausaflutningsskip í Straumsvík	Lausaflutningsskip á Grundartanga
Almenn flutningaskip í Straumsvík	Almenn flutningaskip á Grundartanga
Farþegaskip í Hafnarfjarðarhöfn	Farþegaskip í Reykjavíkurböfn
Almenn flutningaskip í Hafnarfjarðarhöfn	Almenn flutningaskip á Grundartanga
Önnur skip í Hafnarfjarðarhöfn	Önnur skip í Reykjavíkurböfn



Mynd 5 Losun frá skipaumferð á höfuðborgarsvæðinu eftir skipategund árið 2022.

Vænta má að losunin dragist saman þar sem stöðugt fleiri viðlegukantar eru búnir raftengingu fyrir skip í viðlegu. Hafnarfjarðarhöfn fékk slíka tengingu um miðbik 2022. Mest losun er frá Sundahöfn, þar sem stærstu flutningaskipin og farþegaskipin leggja að. Faxaflóahafnir settu upp raftengingu fyrir flutningaskip á Sundabakka í árslok 2022 og fyrir skemmtiferðaskip á Faxagarði í Reykjavíkurböfn í september 2023. Einnig geta fiskiskip landtengst í Reykjavíkurböfn. Landtenging fyrir stór skemmtiferðaskip við Skarfabakka er á áætlun. Um 78% losunar skipa í Faxaflóahöfnum verður í viðlegu, svo það er til mikils að vinna að þau geti tengst rafmagni í höfnum (Priestley, M. og Parsmo, R., 2022). Ekki eru forsendur til þess að áætla losun í umfangi 3, af skipaumferð utan hafnarmarkna sem hefur höfuðborgarsvæðið sem upphafs- eða áfangastað.

Losun vegna siglinga innan hafnarsvæða á höfuðborgarsvæðinu er áætluð 38.822 tonn CO<sub>2</sub>íg (Tafla 15).

Tafla 15 Áætluð losun frá skipaumferð í Faxaflóahöfnum og Hafnarfjarðarhöfnum árið 2022.

Höfn	Áætluð losun (tonn CO <sub>2</sub> íg)
Reykjavíkurböfn	5.532
Hafnarfjörður	2.290
Straumsvík	1.754
Sundahöfn	29.247
<b>Samtals</b>	<b>38.822</b>

### 6.3 Flugumferð

Nær öll losun vegna flugumferðar tengist umferð um Reykjavíkflugvöll og er hún til umfjöllunar hér. Á Sandskeiði og Tungubökkum eru flugbrautir en umferð þar er á ábyrgð notenda og ekki til yfirlit yfir fjölda landinga og þar með ekki forsendur til útreikninga.

Hér eru notaðar niðurstöður úr loftslagsbókhaldi Reykjavíkurborgar 2022 (EFLA, 2023). Þar er byggt á upplýsingum um flugumferð frá Isavia, eldsneytisnotkun er reiknuð með reiknivél frá EMEP (European Monitoring and Evaluation Programme) og Evrópska umhverfisráðuneytinu (EEA). Losunarstuðlar flugvélaeldsneytis eru samkvæmt skilum Íslands til Loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna. Mest er óvissan tengd flokknum



„annað flug“. Flugvélar í þessum flokki geta verið allt frá stærstu einkaflugvélum sem leggja leið sína um Reykjavíkurlflugvöll, niður í ljósmyndaflug á litlum vélum.

Losun vegna flugumferðar er áætluð 5.939 tonn CO<sub>2</sub>íg (Tafla 16).

Tafla 16 Áætluð losun vegna flugumferðar á höfuðborgarsvæðinu árið 2022 (EFLA, 2023).

Flokkur flugumferðar	Heildarflughreyfingar	Áætluð losun (tonn CO <sub>2</sub> íg)
Áætlunar- og leiguflug	16.564	3.370
Annað flug	14.550	2.505
Snertilendingar	11.658	64
<b>Samtals</b>	<b>42.772</b>	<b>5.939</b>

## 7 Úrgangur og fráveita

Stærstur hluti losunar frá úrgangi og fráveitu kemur frá niðurbroti lífrænna efna. Þyngst vegur losun frá urðun á lífrænum úrgangi. Koltvísýringur losnar þegar úrgangi er brennt en engar opnar sorpbrennslur eru á höfuðborgarsvæðinu, að áramótabrennum undanskildum. Ekki eru til forsendur til að reikna út losun frá þeim og þær því ekki teknar með í þessu bókhaldi.

Losun frá úrgangi hefur minnkað talsvert frá árinu 2019 þar sem urðun á lífrænum úrgangi hefur minnkað. Árið 2023 hófst sérsöfnun á lífrænum úrgangi frá heimilum sem er meðhöndlaður í gas- og jarðgerðarstöðinni GAJU. Losun frá úrgangi mun því minnka á komandi árum.

Heildarlosun vegna úrgangs og fráveitu er áætluð 101.985 tonn CO<sub>2</sub>íg (Tafla 17).

Tafla 17 Áætluð losun frá úrgangi og fráveitu á höfuðborgarsvæðinu árið 2022.

Úrgangur og fráveita	Áætluð losun (tonn CO <sub>2</sub> íg)
Úrgangur	98.347
Fráveita	3.638
<b>Samtals</b>	<b>101.985</b>

### 7.1 Úrgangur

Flokkun og endurvinnsla úrgangs hefur aukist undanfarin ár og sífellt minna fer til urðunar. Urðun í Álfsnesi árið 2022 var aðeins helmingur af magni sem var urðað þegar mest lét árið 2007 (Inga Rún Helgadóttir, Umhverfisstofnun, 2024). Langtum minni matarúrgangur fer til urðunar eftir að gas- og jarðgerðarstöðin Gaja var tekin í notkun.

Metanlosun heldur áfram árum og jafnvel áratugum saman eftir að úrgangur er urðaður. Mest losnar á fyrstu árunum. Við greiningu losunar frá úrgangi þarf að velja nálgun á útreikningana.

- „First order of decay“: Þessi aðferð er notuð hér, enda gefur hún nákvæmari útreikninga en aðrar aðferðir. Ef fyrir liggja upplýsingar um urðun fyrri ára er reiknað út hversu mikið er enn að losna frá eldri úrgangi. Fyrir úrgang skýrsluársins er aðeins reiknað út hversu mikið muni losna það árið. Úr því urðun fyrri ára telur inn í losunartölurnar mun ávinningurinn af minni urðun koma fram í þrepum næstu árin.
- Methane commitment (MC): Aðferðin er ekki notuð í þessar greiningu. Ef upplýsingar um úrgangsmagn fyrri ára liggja ekki fyrir verður að gera ráð fyrir því að öll losun eigi sér stað árið sem urðað er. Þessi leið hefur verið algengari í kolefnisbókhaldi svæða hingað til en gefur iðulega ofmat á losun, skv. leiðbeiningum GHG (Greenhouse Gas Protocol, 2019).

Blandaður úrgangur hefur verið urðaður í Álfsnesi síðan árið 1991. Tölur um úrgangsmagn frá upphafi fengust frá Umhverfisstofnun (Inga Rún Helgadóttir, Umhverfisstofnun, 2024). Sömu stuðlar og fastar voru notaðir og í losunarbókhaldi Íslands (Keller, N. Et al, 2023). Reiknilíkan IPCC fyrir losun frá urðun (IPCC, 2019) var notað til þess að reikna út losunina.

Sorpa tekur við og urðar úrgang víðar að en frá höfuðborgarsvæðinu, meðal annars frá Suðurlandi. Öll losun frá urðunarstaðnum er talin fram í loftslagsbókhaldinu en losun frá úrgangi sem er upprunninn utan höfuðborgarsvæðisins fellur í umfang 3. Ekki eru forsendur til að skipta losun frá urðun milli umfangs 1 og 3, frekar en í bókhaldi ársins 2019.

Gas- og jarðgerðarstöðin Gaja var ekki farin að skila afköstum sem jarðgerðarstöð, einungis gasgerð, árið 2022. Afköst við jarðgerð munu aukast á komandi árum. Flokkurinn „brennsla án orkunýtingar“ er úrgangur frá höfuðborgarsvæðinu sem fer til brennslu í Kölklu á Suðurnesjum, meðal annars spítalaúrgangur og spilliefni. Losunarstuðlarnir fyrir þessa



tvo flokka eru úr 6. útgáfu losunarstuðla Umhverfisstofnunar en fyrir flokkinn „brennslu með orkunýtingu“ er notaður sami losunarstuðull og í loftslagsbókhalda höfuðborgarsvæðisins 2019 (Environice, 2021). Í samræmi við losunarstuðla Umhverfisstofnunar er ekki reiknuð losun fyrir úrgang sem sendur er til endurvinnslu erlendis (Umhverfisstofnun, 2024).

Losun vegna úrgangs er áætluð 98.347 tonn CO<sub>2</sub>íg (Tafla 18).

Tafla 18 Áætluð losun vegna úrgangs á höfuðborgarsvæðinu árið 2022.

Meðferð úrgangs	Magn (tonn)	Losunarstuðull (tonn CO <sub>2</sub> íg/tonn)	Áætluð losun (tonn CO <sub>2</sub> íg)
Urðun	67.470	[Reiknimódel IPCC]	97.280
Jarðgerð	37	0,18	6
Brennsla án orkunýtingar	726	0,68	497
Brennsla með orkunýtingu - erlendis	4.785	0,12	564
Endurvinnsla erlendis - pappír	4.151	-	-
Endurvinnsla erlendis - plast	179	-	-
Endurvinnsla erlendis - málmur	19.866	-	-
Endurvinnsla erlendis - spilliefni	3.742	-	-
<b>Samtals</b>			<b>98.347</b>

## 7.2 Fráveita

Stærstur hluti fráveitu höfuðborgarsvæðisins fer um hreinsunarstöðvar með eins þreps hreinsun. Stöðvarnar hreinsa frá svokallaðan ristarúrgang (sorp sem slæðst hefur með fráveituvatni) og fitu. Seyru er ekki safnað í þessum stöðvum. Metan er ekki fangað við skólphreinsun á höfuðborgarsvæðinu (Hlöðver Stefán Þorgeirsson, Veitur, 2023). Rotþrær eru enn í notkun í nokkrum húsum á Álftanesi og í dreifbýli. Seyru er safnað úr þeim en ekki eru til upplýsingar um magn seyru sem fellur til og því er henni sleppt í þessum útreikningum.

Bæði metan og glaðloft losna frá fráveitu. Metanmyndun ræðst af meðhöndlun skólps og því hversu mikið metan getur myndast í þeim viðtaka sem skólpið er losað í (Methane Correction Factor, MCF). Rannsóknir Orkuveitu Reykjavíkur hafa sýnt fram á að ölduhæð og straumar í Faxaflóa séu svo mikil að ólíklegt sé að lífrænt efni úr fráveitu falli í set og brotni niður við loftfirrtar aðstæður (Guðjón Atli Auðunsson, 2006). Aðstæður til metanmyndunar séu þannig ekki til staðar (MCF=0). Hér eru þessar forsendur notaðar og ekki reiknað með metanlosun frá skólpi.

Glaðloft getur myndast þar sem nítrat í lífrænum úrgangi oxast. Hér eru notaðar tölur frá landsbókhalda Íslands og próteinmagn í skólpi áætlað út frá íbúafjölda. Reiknað er með að hver íbúi neyti 90 gramma af prótíni á dag að meðaltali og fastar til að áætla hversu mikið prótín skili sér ómelt í fráveitu og hversu mikið falli til frá iðnaði og verslunum eru hinir sömu og í loftslagsbókhalda Íslands (Keller, N. Et al, 2023). Losunarstuðullinn 0,005 kg N<sub>2</sub>O-N/kg N er sóttur í leiðbeiningar loftslagsnefndar Sameinuðu þjóðanna (IPCC, 2006). Engin seyra dregin frá í útreikningum fyrir höfuðborgarsvæðið.

Til að reikna út losun gróðurhúsalofttegunda frá skólpi er notast við jöfnur úr leiðbeiningum Milliríkjanefndar um loftslagsbreytingar (IPCC 2006, 5. bindi „Waste“, 6. Kafli „Waste water treatment and discharge“) Fyrir losun glaðlofts frá skólpi eru notaðar jöfnur 6.7 og 6.8 og stuðlar úr töflu 6.11 í leiðbeiningunum.

Samtals losna 13,7 tonn af glaðlofti frá fráveitu, eða 3.638 tonn CO<sub>2</sub>íg.



## 8 Landbúnaður og landnotkun

Undir flokkinn fellur losun frá landbúnaði og landnotkun.

Landnotkun, breytt landnotkun og skógrækt er talin fram í bókhaldi ríkja. Notað er hugtakið „landnotkun, breytt landnotkun og skógrækt“ (e. Land use, land use change and forestry, LULUCF). Losun frá landi er háð náttúru og vistkerfum í hverju landi svo alþjóðleg markmið um að draga úr losun gilda ekki á sama hátt um þennan flokk. Röskun á landi getur valdið losun á gróðurhúsalofttegundum, en umfang losunar fer eftir landgerðum. Auka má umfang bindingar í landi og gróðri, t.d. með endurheimt votlendis og uppgæðslu.

Landbúnaður á höfuðborgarsvæðinu er ekki umfangsmikill og losun hefur dregist saman frá árinu 2019. Losun frá landi er reiknuð á annan hátt nú en í fyrra bókhaldi þar sem mun betri gögn liggja fyrir. Losunin er reiknuð meiri en samanburður er erfiður og skýringin líklega að stærstum hluta ólíkar reikniaðferðir.

Í þessu bókhaldi er ekki reiknuð inn losun tengd gróðureldum þar sem upplýsingar um umfang og gerð svæða sem hafa brunnið liggja ekki fyrir. Vegna skorts á gögnum hefur heldur ekki verið reiknuð út óbein losun af húsdýraáburði á túnnum og í haga (managed soils). Þetta var ekki heldur gert í fyrra bókhaldi.

Sveitarfélögin geta haft áhrif á losun frá landi þegar teknar eru ákvarðanir um nýtingu lands. Forðast má að raska landgerðum með mikinn kolefnisforða og vinna að gróðurrækt á rýru landi. Hægt er að setja fram núlllosunarstefnu í landnotkun þannig að þegar landi er raskað er ræktað upp eða land endurheimt á öðru svæði svo engin heildarlosun verði.

Heildarlosun vegna landbúnaðar og landnotkunar er 329.252 CO<sub>2</sub>íg (Tafla 19).

Tafla 19 Áætluð losun frá landbúnaði og landnotkun á höfuðborgarsvæðinu árið 2022.

Landbúnaður og landnotkun	Áætluð losun (tonn CO <sub>2</sub> íg)
Landnotkun	318.756
Landbúnaður	10.496
<b>Samtals</b>	<b>329.252</b>

### 8.1 Landnotkun

Losun í flokkinum *landnotkun, breytt landnotkun og skógrækt* er í raun þrískipt eins og titillinn gefur til kynna.

- *Landnotkun (óbreytt)* telur losun eða bindingu þar sem landnotkun hefur ekki breyst síðustu 20 árin.
- *Breytt landnotkun* sýnir afleiðingar af raski við breytta landnotkun. Í þessum flokki er áætlað hversu mikið af kolefnisforða jarðvegsins losni við breytingu úr einum landnotkunarflokki í annan. Heildarlosuninni af raskinu er dreift jafnt yfir kolefnisbókhald næstu 20 ára eftir breytinguna.
- *Skógrækt*. Skógur bindur kolefni bæði í jörðu og í lífmassa trjáanna ofan jarðar. Því þarf að reikna út bæði bindingu eftir flatarmáli, eins og fyrir hina landnotkunarflokkana, og að auki meta nettóbindingu í lífmassa.

Náttúrlæg kerfi eru þess eðlis að talsverð óvissa er í mati á losun gróðurhúsalofttegunda þar sem losun frá landi er breytileg eftir aðstæðum, breytist milli ára eftir árferði og vegna breytinga sem land tekur í árána rás. IGLUD (Icelandic Geographic Land Use Database) er gagnagrunnur yfir landnýtingarflokka sem hefur m.a. verið nýttur til útreikninga á losun frá landi fyrir losunarbókhald Íslands. Við útreikning á losun þarf auk þess losunarstuðla fyrir landnotkunarflokkana.



Gögn um skiptingu lands í landnotkunarflokka eru fengin úr landupplýsingagrunni Lands og skógar, sem í grunninn byggir á IGLUD-gagnagrunni (Icelandic Geographic Land Use Database). Losunarstuðlar frá Landi og skógi eru þeir sömu og nýttir eru í landsbókhaldi Íslands. Enn skortir gögn til þess að reikna losun frá breyttri landnotkun, þ.e.a.s. haldgott yfirlit yfir það hvernig landnotkun hefur breyst undanfarin 20 ár. Fyrir skóga eru notaður almennir losunarstuðlar fyrir skóglendisflokka en ekki reiknaður út lífmassi skóganna sérstaklega, frekar en í fyrra bókhaldi.

Losun frá landnotkun á höfuðborgarsvæðinu er áætluð 318.756 tonn CO<sub>2</sub>íg (Tafla 20).

Tafla 20 Áætlun losun frá landnotkun á höfuðborgarsvæðinu 2022

Landnotkunarflokkur	Losunarstuðull (tCO <sub>2</sub> /ha)	Stærð landsvæðis (ha)	Áætlun losun (tonn CO <sub>2</sub> íg)
Annað land	0	26.314	-
Graslendi	5,7	47.304	269.632
Votlendi	3,4	2.932	9.968
Ár og vötn	0	1.137	-
Byggð 2021	0	6.507	-
Byggð - vegir 2021	0	807	-
Skógrækt 1990-2021	-2,3	4.355	-10.016
Skógrækt fyrir 1990	-0,3	532	-160
Náttúrulegur birkiskógur	-0,3	2.283	-685
Birkikjarr	-0,3	3.003	- 901
Virkjanalón	0	218	-
Uppgræðsla 1990 - 2021	-2,1	2.549	- 5.352
Graslendi á framræstum jarðvegi	5,7	3.879	2.112
Ræktað land	13,4	1.059	14.184
Ræktað land óvirkt	13,6	1.469	19.973
<b>Samtals</b>			<b>318.756</b>



## 8.2 Landbúnaður

Losun frá landbúnaði verður annars vegar þegar metan losnar vegna iðragerjunar húsdýra, þ.e. gasmyndunar í meltingarvegi, og hins vegar þegar metan og glaðloft losnar úr mykju og skít við geymslu.

Við útreikning er stuðst við upplýsingar um fjölda dýra úr mælaborði landbúnaðarins (Matvælaráðuneytið, 2023) og eigin útreikninga á meðalársfjölda út frá fjölda ungvíðis og meðallíftíma (Tafla 21). Forsendur útreikninga eru í samræmi við landsbókhald Íslands hjá Umhverfisstofnun. Útreikningar taka mið af aldri og líftíma dýra. Nánari útskýringar á útreikningum eru í viðauka (11.3 Aðferðafræði útreikninga fyrir landbúnað).

Tafla 21 Fjöldi búfjár á höfuðborgarsvæðinu árið 2022.

Búfé	Fjöldi	Búfé	Fjöldi
Svín	770	Geitur	66
Grísir (meðalársfjöldi)	9.104	Kiðlingar (meðalársfjöldi)	30
Hestar	1.026	Ær	1.220
Fristundahestar (meðalársfjöldi)	2.083	Hrútar	82
Kýr	322	Lambhrútar og gimbrar	325
Kvígur	69	Lömb (meðalársfjöldi)	924
Holdakýr	257	Kjúklingar (meðalársfjöldi)	166.200
Geldneyti og ósæddar kvígur	497	Lífungar (meðalársfjöldi)	17.000
Kálfar	321	Varphænur	63.040
		Minkar, refir og kanínur	6

Ekki fengust upplýsingar um notkun tilbúins áburðar á höfuðborgarsvæðinu. Losun var reiknuð út á sama hátt og í fyrra loftslagsbókhaldi (Environice, 2021). Heildarlosun frá tilbúnum áburði á landsvísu árið 2021 var 9.190 tonn CO<sub>2</sub>íg. Áætlað er að 50% sé vegna nautgripæræktar, 25% vegna sauðfjárræktar, 10% séu notuð vegna svínabúa, 7,5% vegna hrossa og 7,5% vegna grænmetisræktar. Hlutur höfuðborgarsvæðisins af búfé alls landsins er frá 1% af öllu sauðfé upp í 25% af öllum svínum.

Losun vegna iðragerjunar, húsdýraáburðar og tilbúins áburðar er samtals áætluð 10.496 tonn CO<sub>2</sub>íg (Tafla 22).

Tafla 22 Áætluð losun frá iðragerjun húsdýra, húsdýraáburði og tilbúnum áburði á höfuðborgarsvæðinu árið 2022.

Búfé og áburður	Losun frá iðragerjun (tonn CO <sub>2</sub> íg)	Losun frá húsdýraáburði (tonn CO <sub>2</sub> íg)	Áætluð losun (tonn CO <sub>2</sub> íg)
Svín	415	1.659	2.074
Hestar	1.567	826	2.393
Geitur	13	9	23
Minkar, refir og kanínur	0	0	0
Nautgripir	2.534	890	3.424
Sauðfé	591	162	753
Alifuglar	138	1.298	1.436
<i>Notkun tilbúins áburðar</i>			393
<b>Samtals</b>	<b>5.259</b>	<b>4.845</b>	<b>10.496</b>



## 9 Iðnaður og efnanotkun

Undir flokkinn iðnaðar og efnanotkun fellur annars vegar losun frá iðnaðarferlum í stóriðju og hins vegar notkun tiltekinna efna sem eru öflugar gróðurhúsalofttegundir. Efnin eru einkum notuð sem kælimiðlar í skipum, matvælaframleiðslu og verslunum. Önnur efni er einnig talin hér fram sem notuð eru í minna mæli, t.d. glaðloft, parafín og asfalt.

Losun frá iðnaði og efnanotkun hefur aukist frá árinu 2019 en reikna má með að það sé vegna þess hve sveiflukennnd losunin er, háð rekstraraðstæðum og fleiri þáttum. Sveitarfélög hafa lítil áhrif á losun í þessum flokki og er það á ábyrgð fyrirtækja að vinna að bættum framleiðsluferlum sem takmarka losun og skipta út efnunum fyrir önnur sem valda minni umhverfisáhrifum. Slíkum valkostum fjölgar, einkum fyrir kælimiðla. Losun frá stóriðju fellur undir ETS kerfið svo fjárhagslegur ávinningur er af því að minnka losun. Reikna má með að losun minnki smám saman í þessum flokki á næstu árum.

Heildarlosun vegna iðnaðar og efnanotkunar er áætluð 429.594 CO<sub>2</sub>íg (Tafla 23).

Tafla 23 Áætluð losun frá iðnaði og efnanotkun á höfuðborgarsvæðinu árið 2022.

Iðnaður og efnanotkun	Áætluð losun (tonn CO <sub>2</sub> íg)
Iðnaður	300.439
Efnanotkun	129.156
<b>Samtals</b>	<b>429.594</b>

### 9.1 Iðnaðarferlar

Á höfuðborgarsvæðinu er eitt fyrirtæki með framleiðslu sem fellur undir þennan flokk, álver RioTinto í Straumsvík, ISAL. Notuð eru kolaskaut í framleiðsluferlum og þá verður til koldíoxíð sem losnar í andrúmsloft. Losunin er hluti af framleiðsluferli og ekki hægt að minnka hana að ráði nema til komi önnur tækni. Raforkunotkun stóriðju er tiltekin í flokknum staðbundin orkunotkun. Upplýsingar um losun frá iðnaðarferlum eru fengnar frá grænu bókhald ISAL (Rio Tinto, 2023).

Áætluð losun frá iðnaðarferlum er 300.439 tonn CO<sub>2</sub>íg.

### 9.2 Efnanotkun

Gögn um efnanotkun eru sóttar í landsbókhald Íslands og höfðatala notuð til að áætla hlut höfuðborgarsvæðisins (Keller, N. et al, 2023).

Áætluð losun vegna efnanotkunar er áætluð 129.156 tonn CO<sub>2</sub>íg (Tafla 24).

Tafla 24 Áætluð losun vegna efnanotkunar á höfuðborgarsvæðinu árið 2022.

Efnanotkun	Áætluð losun (tonn CO <sub>2</sub> íg)
Kælimiðlar	126.016
Annað (glaðloft, parafín, asfalt, o.fl.)	3.140
<b>Samtals</b>	<b>129.156</b>



## 10 Heimildir

- Albert Skarphéðinsson, Mannvit (2022). *Memo* [Óbirt minnisblað um uppfærða útreikninga version 8.0, sent Verkefnastofu Borgarlínu og Vegagerðinni 24. apríl 2022].
- Birgitta Stefánsdóttir, Umhverfisstofnun. (2024). Tölvupóstsamskipti og tölur um skiptingu úrgangs í flokka og upprunasveitarfélög fyrir 2022.
- EFLA. (2023). *Minnisblað – Loftslagsbókhald Reykjavíkurborgar 2022*. [Dags. 24.08.2023]
- Greenhouse Gas Protocol. (2019). *Global Protocol for Community-Scale Greenhouse Gas Inventories - An Accounting and Reporting Standard for Cities, Version 1.1*.
- Guðjón Atli Auðunsson. 2006. *Summary and evaluation of environmental impact studies on the recipient of sewage from the STP at Ánanaust, Reykjavík*.
- Hagstofa Íslands, gagnasafn. 2024a. Mannfjöldi eftir kyni, aldri og sveitarfélögum 1998-2024, töflukóði MAN02001. Sótt af vefsíðu Hagstofunnar: [https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar\\_mannfjoldi\\_2\\_byggdir\\_sveitarfelog/MAN02001.px](https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar_mannfjoldi_2_byggdir_sveitarfelog/MAN02001.px). [14. apríl 2024]
- Hafnarfjarðarhöfn, 2023. Tölur yfir fjölda skipakoma eftir skipaflokkum, fyrir Hafnarfjarðarhöfn og Straumsvíkurböfn. Óútgefin gögn, fengin frá Hafnarfjarðarhöfn. [13. desember 2023]
- Hlöðver Stefán Þorgeirsson, Veitur, 2023. Tölvupóstsamskipti um eðli fráveitu og skólphreinsunar á höfuðborgarsvæðinu.
- Inga Rún Helgadóttir, Umhverfisstofnun, 2024. Tölvupóstsamskipti um útreikninga á losun frá urðun og landbúnaði.
- IPCC (Milliríkjanefnd um loftslagsbreytingar), 2006. *2006 IPCC Guidelines for National Greenhouse Gas Inventories*.
- IPCC (Milliríkjanefnd um loftslagsbreytingar), 2014. *AR5 Synthesis Report: Climate Change 2014*.
- IPCC (Milliríkjanefnd um loftslagsbreytingar), 2019. „IPCC Waste Model“, *2019 Refinement to the 2006 IPCC Guidelines for National Greenhouse Gas Inventories*, Vol. 5 Waste.
- Jón Ásgeir Haukdal Þorvaldsson, Orkustofnun (2024). Tölvupóstsamskipti og gögn um eldsneytisnotkun. [15. febrúar 2024]
- Keller, N. et al. (2023). *National Inventory Report - Emissions of Greenhouse Gases in Iceland from 1990 to 2021*. Umhverfisstofnun
- Landsnet. 2023. *Ársskýrsla Landsnets 2022*.
- Lúðvík Geirsson. 2023. Munnleg heimild: Samtal um skipakomur í Hafnarfjarðarhöfnum. 17. Desember 2023.
- Mannvit og COWI (2020). *Transport model for the capital area of Iceland – SLH: documentation*. Vegagerðin.
- Matvælaráðuneytið (2023). *Mælaborð landbúnaðarins*. Sótt á vefsíðu Stjórnarráðsins: <https://www.stjornarradid.is/verkefni/atvinnuvegir/landbunadur/maelaborð-landbunadarins-/#Tab3>. [8. Desember 2023]
- Orkustofnun (2023). OS-2023-T003-01: Raforkunotkun á Íslandi 2020-2022. Sótt af vefsíðu Orkustofnunar:
- Priestley, M., Parsmo, R. (2022). *Emissions from ships in Faxaflóahafnir 2022*. Faxaflóahafnir, Reykjavík.



Rio Tinto. (2023). *Samfélagsskýrsla og grænt bókhald – ISAL 2022*.

Samgöngustofa (2023). *Tölur um fjölda ökutækja eftir orkugjafa og ökutækjaflokki og niðurstöður úr könnun Samgöngustofu á meðalaksturslengdum eftir ökutækjaflokki*. Óúttekið gögn fengin frá Samgöngustofu í desember 2023.

Samgöngustofa (2024). *Mælaborð: Tölfræði ökutækja*. Af vefsíðu Samgöngustofu: <https://bifreidatolur.samgongustofa.is/#tolfraedi>. [20. Janúar 2024]

Seltjarnarnesbær (2024). *Tölvupóstur frá Theódóru Þórarinsdóttur*. Tölvupóstsamskipti og gögn um hitaveitu á Seltjarnarnesi. 9. Janúar 2024.

Simon Klüpfel og Bjarni Reyr Kristjánsson (2023). *Hitaveita í Reykjavík – Vatnsvinnsla 2022*. Orkuveita Reykjavíkur og Veitur.

Environice (2021). *Kolefnisspor höfuðborgarsvæðisins – Skýrsla fyrir Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu*.

Umhverfisstofnun (2024). *Losunarstuðlar – 6 útgáfa*.

Veitur (2023). *Kolefnisspor*. Síða um kolefnisspor á vefsíðu Veitna. [20. desember 2023]

World Resources Institute (2014). *Global Protocol for Community-Scale Greenhouse Gas Emission Inventories. An Accounting and Reporting Standard for Cities*.



## 11 Viðauki: Aðferðafræði

### 11.1 Yfirlit yfir breytingar í aðferðafræði

Talsverðar breytingar hafa orðið á aðferðafræði við útreikninga kolefnisspors á þeim árum sem liðið hafa frá því að fyrra bókhald var unnið. Hér er stutt samantekt um hvar þessi munur í aðferðum er og í hverju hann felst. Eins og fyrr er getið felst stærsti munurinn í því að ekki er lengur hægt að fá sölutölur eldsneytis sundurgreindar eftir póstnúmerum eftir að Flutningsjöfnunarsjóður var lagður niður og verkefni hans flutt til Byggðastofnunar.

Einnig er vert að minnast á að smávægilegar breytingar má rekja til nýrra losunarstuðla Umhverfisstofnunar og þess að farið var að nota stuðla fyrir hlýnunarmátt (GWP) úr fimmtu samantektarskýrslu loftslagsráðs Sameinuðu þjóðanna (AR5).

Tafla 25 Mismunur á aðferðafræði í bókhaldi ársins 2019 annars vegar og ársins 2022 hins vegar

Losunarflokkur	Ástæða breytinga	Aðferð árið 2019	Aðferð árið 2022
Siglingar	Eldsneytissölutölur ekki lengur sundurgreindar eftir póstnúmerum	Byggir á sölu eldsneytis eftir póstnúmerum. Reiknað er með losun alla ferð skipa, ekki bara losun innan hafnarmarka. Umferð utan hafnarmarka tilheyrir umfangi 3 en ekki voru forsendur til sundurgreiningar.	Notað er kolefnisbókhald Faxaflóahafna sem miðar við hafnarmörk og byggir á gögnum um gerð og fjölda skipa, tíma í viðlegu. Ekki eru forsendur til að reikna losun í umfangi 3 (umferð utan hafnarmarka).
Samgöngur á landi	Eldsneytissölutölur ekki lengur sundurgreindar	Byggt á sölu eldsneytis eftir póstnúmerum	Reikningar byggðir á Samgöngulíkani höfuðborgarsvæðisins og gögnum frá Samgöngustofu. Sjá nánar í viðauka 10.2
Staðbundin orkunotkun – gasnotkun	Eldsneytissölutölur ekki lengur sundurgreindar	Byggt á sölu eldsneytis eftir póstnúmerum	Sölutölur fyrir landið allt fengnar frá Orkustofnun. Hlutur ISAL af gasnotkun fundinn í grænu bókhaldi fyrirtækisins. Notkun heimila og annars iðnaðar deilt eftir höfðatölu.
Staðbundin orkunotkun - eldsneytisnotkun í iðnaði	Eldsneytissölutölur ekki lengur sundurgreindar	Byggt á sölu eldsneytis eftir póstnúmerum	Sölutölur fyrir landið allt fengnar frá Orkustofnun og hlutur höfuðborgarsvæðisins fundinn út frá höfðatölu.
Staðbundin orkunotkun – fiskveiðar	Eldsneytissölutölur ekki lengur sundurgreindar	Ekki var hægt að greina fiskveiðar frá samgöngum á sjó. Því var eldsneytisnotkun fiskiskipa tekin með í samgönguflokkinn.	Losun er reiknuð út frá skipakomum og hægt er að aðskilja fiskveiðar frá annarri skipaumferð. Í þessu bókhaldi er losun frá fiskiskipum tekin með í staðbundna orkunotkun.
Landbúnaður	Mismunandi gögn og aðferðir	Að mestu leyti eins og í ár.	Að mestu leyti eins og 2019 en mat á fjölda frístundahesta er lækkað og reiknaður ársmeðalfjöldi frístundahesta. Einnig reiknað með að frístundahestar séu á húsi þann tíma sem þeir eru á höfuðborgarsvæðinu.



Losunarflokkur	Ástæða breytinga	Aðferð árið 2019	Aðferð árið 2022
Úrgangur	Notuð sama aðferð um losun frá urðun og í losunarbókhaldi Íslands. Betri gögn aðgengileg hjá Umhverfisstofnun.	Upplýsingar voru fengnar frá fyrirtækjum sem hirða og meðhöndla úrgang. Losun frá urðun var reiknuð með reiknilíkani CIRIS á því ári sem úrgangur var urðaður (Methane Commitment-aðferðin).	Upplýsingar um úrgangsmagn eftir sveitarfélögum fengnar frá Umhverfisstofnun. Losun reiknuð út með reiknivél IPCC (First order of decay-aðferðin). Sambærileg aðferð og Umhverfisstofnun notar í landsbókhaldi Íslands.
Staðbundin orkunotkun - Hitaveita	Nýjar leiðbeiningar eða losunarstuðlar	Notaður var losunarstuðull Umhverfisstofnunar sem var á þessum tíma áætlaður núll, þar sem heitt vatn var reiknað sem „hliðarafurð“ raforkuframleiðslu.	Í nýjustu leiðbeiningum Umhverfisstofnunar (6.útg.) er nú reiknuð losun frá heitu vatni. Losunarstuðlar OR notaðir í þessu bókhaldi.
Landnotkun	Nýjar leiðbeiningar eða losunarstuðlar	Einungis reiknuð losun frá fjórum landnotkunarflokkum af 16.  Ekki forsendur til að reikna losun frá breyttri landnotkun eða lífmassa í skógrækt (Land Use Change, C-stock in Forestry )	Losun reiknuð frá allri landnotkun með gögnum frá Land og skógur. Enn ekki forsendur til að reikna losun frá breyttri landnotkun eða lífmassa í skógrækt (Land Use Change, C-stock in Forestry).
Fráveita	Nýjar leiðbeiningar eða losunarstuðlar	Reiknað út eftir aðferðum IPCC með sömu gildum og í losunarbókhaldi Íslands.	Reiknað út eftir sömu aðferðum en samkvæmt rannsóknum og ráðum frá Veitum voru lagðar inn nýjar forsendur þess efnis að ekki séu aðstæður til metanmyndunar fyrir fráveituvatn sem losað er í Faxaflóa. Glaðloftslosun reiknuð út eftir sömu aðferðum og með sömu stuðlum og fyrr.





## 11.2 Aðferðafræði útreikninga fyrir vegasamgöngur

Kolefnisspor höfuðborgarsvæðisins hefur verið reiknað út einu sinni áður, fyrir árið 2019. Þá var losun frá vegasamgöngum metin út frá eldsneytissölu á höfuðborgarsvæðinu. Þetta er ekki lengur mögulegt, eftir að Flutningsjöfnunarsjóður var lagður niður. Ekki er lengur hægt að nálgast yfirlit yfir eldsneytissölu eftir póstnúmerum. Því var þörf á að finna aðra aðferð fyrir útreikningana.


Aðferðin gengur út á að nota Samgöngulíkan höfuðborgarsvæðisins (SLH) til að áætla heildarmagn umferðar í eknum kílómetrum og skipta svo kílómetrafjöldanum niður eftir orkugjöfum. Notuð eru eftirfarandi gögn:

- Í samgöngulíkaninu er kílómetrafjöldinn brotinn niður í flokkana fólksbílar, sendibílar, almenningsamgöngur og vöruflutningabílar (auk hjóla, sem ekki koma við sögu í þessum útreikningum).
- Í ökutækjaskrá er til yfirlit yfir fjölda ökutækja eftir flokkum og orkugjöfum.
- Samgöngustofa heldur yfirlit yfir meðalakstur eftir flokkum og orkugjöfum.
- Umhverfisstofnun gefur út losunarstuðla fyrir mismunandi orkugjafa og ökutækjaflokk.

Með þeim tölum má reikna út hversu margir kílómetrar eru eknir með t.d. raffólksbílum samanborið við díselfólksbíla. Þannig má reikna út hvert hlutfall hvers orkugjafa er af heildarakstri hvers flokks. Þessi hlutfallstala er notuð til að skipta heildarakstri á höfuðborgarsvæðinu niður eftir orkugjöfum. Að síðustu er reiknuð losun á hvern ekinn kílómetra, með losunarstuðlum Umhverfisstofnunar.

Niðurstöður samgöngulíkansins sýna allan akstur á höfuðborgarsvæðinu. Hluti ökutækjanna eru skráð eru utan svæðisins. Ökutæki sem skráð eru á höfuðborgarsvæðinu aka einnig utan svæðisins. Nokkur munur er á heildarakstri ökutækja sem skráð eru á höfuðborgarsvæðinu annars vegar og hins vegar heildarakstri á svæðinu. Fyrri talan er stærri, sem má útskýra á þann hátt að ökutæki sem skráð eru á höfuðborgarsvæðinu aki meira utan höfuðborgarsvæðisins en sem nemur akstri aðkomu ökutækja innan svæðisins.

Niðurstaðan fyrir heildarlosun vegna samgangna sem fékkst var **367.180 CO<sub>2</sub> tonn/ári**, sjá skiptingu eftir ökutækjaflokkum og orkugjöfum á Mynd 6.



Mynd 6 Heildarlosun samgangna árið 2022 eftir orkugjafa og ökutækjaflokki.

### 11.2.1 Gögn og aðferðir

Í útreikningum er heildarumferð reiknuð stærð, byggð á forsendum sem settar eru inn í samgöngulíkanið. Ekki er byggt á umferðartalningum. Helstu forsendur líkansins eru í stuttu máli landnotkun, íbúadreifing, innviðir (vegakerfi og almenningssamgöngur) og ferðavenjukannanir. Líkanið er í grunninn hagverkfræðilegt hermunarlíkan þar sem eftirspurn eftir ferðum milli reita höfuðborgarsvæðisins er áætluð út frá fyrrgreindum gögnum. Ferðunum er síðan dreift um vegakerfið (framboðið) þannig að sem mest gagn (e. utility) sé af hverri ferð, en þar hefur ferðatími mest áhrif. Grunnár líkansins er 2019 og líkanið er uppfært og fínstillt (e. calibrated) með tilliti til umferðartalninga. Hér er notast við uppfærða útreikninga (version 8.0) á hversdagsumferð fyrir 2019 (Albert Skarphéðinsson, Mannvit, 2022).

### 11.2.2 Heildarakstur

Heildarakstur á höfuðborgarsvæðinu eftir ökutækjaflokkum er metinn út frá niðurstöðum Samgöngulíkans höfuðborgarsvæðisins (SLH). Líkanið gefur upp tölur fyrir hversdagsumferð (HVDU). Margfaldað er með 0,91 til að finna ársdagsumferð (ÁDU) og svo með 365 til að finna heildarkílómetrafjölda yfir árið (Hlutfall ÁDU/HVDU=0,91 fyrir þrjú meginsnið Vegagerðar árið 2022).

Þessar niðurstöður úr SLH eru með 2019 sem grunnár og gefin er upp spá fyrir umferðarþróun fyrir komandi ár eftir það. Heimsfaraldurinn setti hins vegar alla umferðarþróun úr skorðum. Umferð dróst saman 2020 og 2021 vegna heimsfaraldursins. Árið 2022 var umferðin aftur komin á sama stig og fyrir faraldurinn. 2023 hefur umferðin síðan aukist áfram þar sem frá var horfið.

Því var ekki ráðlegt að miða við spá SLH fyrir 2024 (fyrsta framtíðarár líkansins) til að meta umferðarmagn 2022. Frekar þurfti að meta hvar á þróunarsnum það ár liggur, til þess að finna út hvaða ár í spánni væri réttast að miða við. Umferðartölur frá Vegagerðinni: þrjú lykilsnið á höfuðborgarsvæðinu voru borin saman við grunnárið 2019. Niðurstaðan var sú að uppsöfnuð meðalumferð á þessum þremur mælipunktum var nánast sú sama fyrir árið 2019 og 2022. Úr því magn umferðar var hið sama (aðeins 0,26% munur), er notast við sundurgreiningu umferðar fyrir 2019 (grunnár) eins og hún kemur fyrir í umferðarspá SLH (Albert Skarphéðinsson, Mannvit, 2022). Umferð reiðhjóla losar ekki gróðurhúsalofttegundir, svo þær tölur eru ekki teknar með í útreikningunum.

Tafla 26 Heildarakstur ökutækjaflokka fyrir 2019 (og hér líka fyrir 2022) hversdagsumferð, ársdagsumferð og heildarakstur á höfuðborgarsvæðinu.

Ferðamáti	Hversdagsumferð HVDU (km)	Árdagsumferð ÁDU (km)	Heildarakstur á ári (km)
Hjól	87.400	78.660	28.710.900
Fólksbílar	4.795.200	4.315.680	1.575.223.200
Sendiferðabílar	448.000	403.200	147.168.000
Flutningabílar	226.200	203.580	74.306.700
Almenningssamgöngur	30.500	27.450	10.019.250


### 11.2.3 Fjöldi ökutækja og meðalakstur

Fengnar voru tölur frá Samgöngustofu yfir fjölda ökutækja og meðalakstur hvers ökutækjaflokks og orkugjafa (óbirt gögn). Notaðar eru tölur fyrir höfuðborgarsvæðið, þar sem munur er á samsetningu bílaflorens og ökuvegalengdum samanborett við aðra landshluta. Skipting ökutækja eftir orkugjöfum er fengin úr ökutækjaskrá (Mynd 7, Mynd 8).




Hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa er hærra og meðalaksturslengdir styttri í borginni en annars staðar á landinu. Til dæmis eru talsvert fleiri rafbílur á höfuðborgarsvæðinu en á landinu alls (10,1% á móti 5,4%). Þess vegna er mikilvægt að miða við tölur fyrir höfuðborgarsvæðið, ekki landið allt.

Að auki áætla Samgöngustofa meðalakstur eftir ökutækjaflokki og orkugjafa, með því að bera saman kílómetrastöðu sem er skráð við skoðun ökutækis. Þegar nýir orkugjafar koma á markað, tekur tíma að safna nægum gögnum til þess að hægt sé að reikna meðalakstur, ekki síst vegna lágrar skoðunartíðni fyrstu akstursár nýrra bíla.



Mynd 7 Ökutæki eftir flokkum á höfuðborgarsvæðinu árið 2022. Súlurnar sýna hlutfall orkugjafa í hverjum ökutækjaflokki (vinstri ás) en línan sýnir fjölda ökutækja í hverjum ökutækjaflokki (hægri ás).



Mynd 8 Meðalakstur fólksbifreiða árið 2022 eftir orkugjöfum á höfuðborgarsvæðinu í kílómetrum á ári. Tölur vantar fyrir tvinnbíla með dísel- og rafmagnsvél. Þetta helgast af því að of fáir bílar af þeirri gerð hafa verið í notkun til þess að hægt sé að áætla meðalakstur.



#### 11.2.4 Reikniaðferð

Verkefnið er að reikna heildarlosun fyrir samgöngur. Skilgreinum eftirfarandi:

- $D_m^{SLH}$ : Reiknaður heildarakstur [km/ári] ferðamáta  $m \in M = \{\text{hjól, fólksbílar, sendiferðabílar, flutningabílar, almenningssamgöngur}\}$  úr SLH.
- $D_i$ : Heildarakstur [km/ári] ökutækja í ökutækjaflokk  $i \in F$ , þar sem búið er að skipta heildarakstri  $D_m^{SLH}$  hvers ferðamáta  $m$  hlutfallslega niður á ökutækjaflokka miðað við ekna kílómetra samkvæmt samgöngustofu (ökutækjaflokkar eru undirflokkar ferðamáta). Sjá mengi  $F$ .
- $d_{ij}$ : Meðalakstur [km/ári] ökutækja í ökutækjaflokk  $i \in F$  sem nota orkugjafa  $j \in O$  samkvæmt Samgöngustofu
- $c_{ij}$ : Meðallosun [gr CO<sub>2</sub>/km] ökutækja í ökutækjaflokk  $i \in F$  sem nota orkugjafa  $j \in O$  samkvæmt Umhverfisstofnun
- $n_{ij}$ : Fjöldi ökutækja í ökutækjaflokk  $i \in F$  sem nota orkugjafa  $j \in O$  samkvæmt Samgöngustofu
- $F$ : Ökutækjaflokkar, sjá samsvarandi SLH flokkun:

Ökutækjaflokkur	SLH ferðamáti
Fólksbifreiðar	Fólksbílar
Hópbifreiðar ≤5t	Almenningssamgöngur
Hópbifreiðar >5t	Almenningssamgöngur
Sendibifreiðar	Sendiferðabílar
Vörubifreiðar ≤12t	Flutningabílar
Vörubifreiðar >12t	Flutningabílar

- $O$ : Orkugjafar:
- Bensín
  - Bensín / Metan
  - Bensín / Rafmagn
  - Bensín / Raftengill
  - Dísel
  - Dísel / Rafmagn
  - Dísel / Raftengill
  - Rafmagn

Heildarlosun er reiknuð:

$$C = \sum_{i \in F} \sum_{j \in O} \left( \frac{d_{ij} n_{ij}}{\sum_{j \in O} d_{ij} n_{ij}} \right) D_i c_{ij}$$

Þar sem  $\frac{d_{ij} n_{ij}}{\sum_{j \in O} d_{ij} n_{ij}}$  er hlutfall ekinna kílómetra fyrir hvern orkugjafa innan hvers ökutækjaflokks.

Hægt væri að stytta sér leið og skipta upp heildarakstri á höfuðborgarsvæðinu eftir fjölda ökutækja, ekki heildarakstri ökutækjaflokks. Talsverður munur er hins vegar á meðalakstri eftir orkugjöfum. Sérstaklega eru bensínbílar áberandi minna keyrðir en aðrir bílar. Þess vegna er valið að miða við hlutfall af heildarakstri, frekar en hlutfall af fjölda.



Orkugjafi (i = fólk bílar)	Hlutfall af ökutækjaflokki $\left(\frac{n_{ij}}{\sum_{j \in 0} n_{ij}}\right)$	Hlutfall af heildarakstri ökutækjaflokks $\left(\frac{d_{ij}n_{ij}}{\sum_{j \in 0} d_{ij}n_{ij}}\right)$
Bensín	50,1%	44,3%
Dísel	28,0%	33,4%
Rafmagn	8,2%	8,3%
Bensín / Rafmagn	4,5%	4,1%
Bensín / Raftengill	7,7%	8,6%
Dísel / Rafmagn	0,4%	0,0%
Dísel / Raftengill	0,4%	0,5%
Bensín / Metan	0,7%	0,9%

### 11.2.5 Óvissupættir

Heildarumferð á höfuðborgarsvæðinu er reiknuð stærð, byggð á forsendum sem valdar eru inn í samgöngulíkanið. Þetta eru ekki rauntölur en er talið besta áætlun á eknum kílómetrum um svæðið sem völ er á.

### 11.2.6 Möguleg vanáætlun á akstri hópþifreiða

Samgöngulíkanið gefur upp umferðartölur fyrir almenningsamgöngur. Leiða má líkum að því að hópþifreiðar aðrar en strætisvagnar séu ekki inni í þessum tölum, og að akstur þeirra sé vanmetinn í niðurstöðum samgöngulíkansins.

Niðurstöður samgöngulíkansins sýna allan akstur á höfuðborgarsvæðinu. Hluti ökutækjanna eru skráð eru utan svæðisins. Ökutæki sem skráð eru á höfuðborgarsvæðinu aka einnig utan svæðisins. Nokkur munur er á heildarakstri ökutækja sem skráð eru á höfuðborgarsvæðinu annars vegar og hins vegar heildarakstri á svæðinu. Fyrri talan er stærri, sem má útskýra á þann hátt að ökutæki sem skráð eru á höfuðborgarsvæðinu aki meira utan höfuðborgarsvæðisins en sem nemur akstri aðkomu ökutækja innan svæðisins. Munurinn er hins vegar langtum stærri fyrir almenningsamgöngur/ hópþifreiðar en fyrir aðra flokka.

Munurinn á akstri á svæðinu og akstri ökutækja sem skráð eru á svæðinu eru á bilinu 36%-101%. Þá er átt við að akstur fólk bíla sem skráðir eru á höfuðborgarsvæðinu sé þriðjungur meiri heildarakstur á svæðinu, og fyrir flutningabíla sé tvöfalt meira utan svæðis. Munurinn er hins vegar langtum stærri fyrir almenningsamgöngur / hópþifreiðar, fimmfaldur akstur utan svæðis.

SLH ferðamáti	Fólk bílar	Almenningsamgöngur	Sendiferðabílar	Flutningabílar
Akstur m.v. SLH	1.575.223.200	10.019.250	147.168.000	74.306.700
Akstur m.v. skráningu	2.142.670.869	65.496.446	247.657.270	149.485.671
Munur	36%	554%	68%	101%

Skekkan gæti helgast af því að margar hópþifreiðar aka langar vegalengdir utan höfuðborgarsvæðisins með ferðamenn. Hún getur hins vegar líka átt sér skýringu í því að samgöngulíkanið einblíni á almenningsamgöngur og horfi fram hjá öðrum hópþifreiðum. Seinni skýringin er sennilegri, þar sem heildarakstur Strætó bs. var rétt tæpar 10 mill. km árið 2022. Sennilega ætti stærri hluti heildaraksturs innan höfuðborgarsvæðisins að falla í flokk hópþifreiða. Skekkan leiðir sennilega af sér vanmat á losun; útreikningarnir sýna minni losun er raunin er.

### 11.2.7 **Nákvæmni í losunarstuðlum**

Ökutækjatlur Samgöngustofu greina á milli stórra og lítilla vöruflutningabíla og eins fyrir hópbíla. Hins vegar er aðeins einn losunarstuðull í boði fyrir þessa flokka, í losunarstuðlum Umhverfisstofnunar. Reyndar gagnast stærðarflokkarnir aðeins í díselflokknum, því það er eini flokkurinn þar sem nóg er af ökutækjum í öllum stærðarflokkum til þess að hægt sé að reikna út meðalakstur. Óvíst er hvort skekkjan leiðir af sér vanmat eða ofmat á losun.

### 11.2.8 **Losunarstuðlar fyrir tengiltvinnbíla**

Í nýjstu útgáfu losunarstuðla Umhverfisstofnunar er horfið frá fyrri lausn, þar sem allir tvinnbílur höfðu sama losunarstuðul. Nú er mælt með því að losun tengiltvinnbíla sé frekar mæld út frá eyðslu rafmagns og eldsneytis, ekki út frá kílómetratölu. Þessi nálgun getur gengið fyrir eigendur bifreiðanna en ekki fyrir samfélagsútreikninga eins og þessa. Þess vegna er hér gengið þvert á meðmælin í 6. útgáfu losunarstuðla Umhverfisstofnunar og áfram notað sama losunarstuðul fyrir alla tvinnbíla.

Ef reiknað er með að tengiltvinnbílur noti oftast rafmagnshleðslu á ferðum innan höfuðborgarsvæðisins en jarðefnaeldsneyti á langferðum sýnir þessi aðferð sennilega meiri losun en raunin er. Annars vegar hefði verið hægt að gera ráð fyrir núlllosun líkt og fyrir rafmagnsbíla, eða sleppa tengiltvinnbílum úr jöfnunni. Fyrri valkosturinn hefði leitt af sér vanmat á losun en sá síðari ofmat.

### 11.2.9 **Skortur á meðalaksturstölum og losunarstuðlum**

Til þess að aðferðin virki eins og til er ætlast, þurfa að vera til bæði reiknaður meðalakstur og losunarstuðlar fyrir allar ökutækjategundir. Fyrir 1.637 ökutæki vantar annað hvort meðalakstur eða losunarstuðul (Tafla 28). Þetta eru allt hreinorku- eða tvinnbílur, svo ætla má að skekkjan sé á þann veginn að niðurstöðurnar gefi til kynna meiri losun en kannski er ástæða til.

Þetta er ekki stór skekkja, tæpt 1 prósent allra ökutækja. Þó má reyna að sneiða hjá henni með því að áætla meðalakstur út frá akstri annarra ökutækjategunda. Þetta myndi minnka skekkjuna um 1.300 ökutæki. Einföld lausn væri að gefa dísel/rafmagnsbílum sama meðalakstur og bensín/rafmagnsbílum og metanbílum sama meðalakstur og rafmagnsbílum.

Tafla 27 Meðalakstur fólksbíla eftir orkugjöfum

Orkugjafi (fólksbílur)	Meðalakstur á ári (km)
Rafmagn	13.348
Bensín / Rafmagn	11.997
Bensín / Raftengill	14.622
Dísel / Rafmagn	--
Dísel / Raftengill	16.619
Bensín / Metan	16.273
Metan	--
Bensín	11.558
Dísel	15.602

Fyrir bæði sendibíla og vöruflutningabíla vantar losunarstuðul fyrir metan- og tvinnbifreiðar. Fyrir hópbifreiðar vantar losunarstuðul fyrir bensínvélur og tvinnvélur. Erfiðara er að komast hjá skorti á losunarstuðlum en meðalaksturstölum.

Losunarstuðull er til fyrir mótórhjól en gögn Samgöngustofu innihalda ekki fjöldatölur eða meðalakstur fyrir þau. Þó má leiða að því líkum að mótórhjól séu að mestu leyti notuð í



lengri ferðir og að akstur innan höfuðborgarsvæðisins sé helst til að komast út úr bænum. Eins er aksturinn nær eingöngu á sumrin. Vænta má að þetta sé lítil stærð innan höfuðborgarsvæðisins.

Tafla 28 Yfirlit yfir gloppur í gögnum fyrir meðalakstur og losunarstuðla.

Tegund	Fjöldi	Reiknaður meðalakstur	Losunarstuðull	Fjöldi sem vantar inn í tölur
<b>Bensín</b>	<b>85128</b>			
Fólksbifreið	82073	Já	Já	
Hópbifreiðar ≤5t	47	Já	Nei	47
Sendibifreið	2765	Já	Já	
Vörubifreiðar ≤12t	240	Já	Já	
Vörubifreiðar >12t	3	Nei	Já	3
<b>Bensín /Metan</b>	<b>1128</b>			
Fólksbifreið	1088	Já	Já	
Hópbifreiðar ≤5t	1	Nei	Nei	1
Sendibifreið	39	Nei	Nei	39
<b>Bensín /Raf.tengill</b>	<b>12533</b>			
Fólksbifreið	12533	Já	Já	
<b>Bensín /Rafmagn</b>	<b>7399</b>			
Fólksbifreið	7390	Já	Já	
Sendibifreið	9	Nei	Nei	9
<b>Dísel</b>	<b>66517</b>			
Fólksbifreið	45809	Já	Já	
Hópbifreiðar ≤5t	479	Já	Já	
Hópbifreiðar >5t	1002	Já	Já	
Sendibifreið	13580	Já	Já	
Vörubifreiðar ≤12t	2443	Já	Já	
Vörubifreiðar >12t	3204	Já	Já	
<b>Dísel /Metan</b>	<b>3</b>			
Fólksbifreið	2	Nei	Já	2
Vörubifreiðar >12t	1	Nei	Nei	1
<b>Dísel /Raf.tengill</b>	<b>624</b>			
Fólksbifreið	624	Já	Já	
<b>Dísel /Rafmagn</b>	<b>719</b>			
Fólksbifreið	718	Nei	Já	718
Sendibifreið	1	Nei	Nei	1
<b>Etanol</b>	<b>1</b>			
Fólksbifreið	1	Nei	Nei	1
<b>Metan</b>	<b>363</b>			
Fólksbifreið	168	Nei	Já	168
Hópbifreiðar >5t	6	Nei	Já	6
Sendibifreið	167	Nei	Nei	167
Vörubifreiðar ≤12t	4	Nei	Nei	4



Tegund	Fjöldi	Reiknaður meðalakstur	Losunarstuðull	Fjöldi sem vantar inn í tölur
Vörubifreiðar >12t	18	Nei	Nei	18
<b>Metanól /Bensín</b>	<b>1</b>			
Fólksbifreið	1	Nei	Já	1
<b>Óskráð</b>	<b>9</b>			
Fólksbifreið	3	Nei	Nei	3
Hópbifreiðar >5t	3	Nei	Nei	3
Sendibifreið	1	Nei	Nei	1
Vörubifreiðar ≤12t	2	Nei	Nei	2
<b>Rafmagn</b>	<b>13381</b>			
Fólksbifreið	12946	Já	Já	
Hópbifreiðar >5t	15	Nei	Já	
Sendibifreið	419	Nei	Já	419
Vörubifreiðar >12t	1	Nei	Já	1
<b>Vetni /Rafmagn</b>	<b>22</b>			
Fólksbifreið	22	Nei	Já	22
<b>Samtals</b>	<b>187828</b>			<b>1637</b>





## 11.3 Aðferðafræði útreikninga fyrir landbúnað

Losun frá landbúnaði verður þegar metan losnar vegna iðragerjunar húsdýra, þ.e. gasmyndunar í meltingarvegi, sem og losun metans og glaðlofts úr mykju og skít.

Við útreikning er stuðst við upplýsingar um fjölda dýra úr mælaborði landbúnaðarins (Matvælaráðuneytið, 2023) og forsendur Umhverfisstofnunar í landsbókhaldi Íslands.

### 11.3.1 Meðalársfjöldi: grísir, lömb, kjúklingar, lífungar, frístundahestar, kiðlingar

Notaðar eru tölur um fjölda dýra frá mælaborði landbúnaðarins og losun er reiknuð yfir ár. Fyrir ungvíði sem lifir skemur en eitt ár þarf að reikna út meðalársfjölda (AAP). Hér eru notaðar sömu forsendur og Umhverfisstofnun notar í landsbókhaldi Íslands um líftíma (Inga Rún Helgadóttir, Umhverfisstofnun, 2024). Umhverfisstofnun notar sláurtölur til að áætla heildarfjölda kjúklinga og lífunga en þar sem alifuglar koma frá fleiri sveitarfélögum til slátrunar á höfuðborgarsvæðinu, eru sláurtölur ekki góður mælikvarði á alifuglaeldi innan svæðisins og hér er því stuðst við mælaborð landbúnaðarins í því tilfelli (Matvælaráðuneytið, 2023).

- Grísir: hver gylta gýtur 26,5 grísum að meðaltali og þeir lifa að meðaltali 165 daga (Inga Rún Helgadóttir, Umhverfisstofnun, 2024).
- Lömb: að meðaltali eru 16% fullvaxta áa einlembdar, 70% tvílembdar og 9% þrílembdar, 4% festu ekki fang. Gemlingar eru 50% einlembdir og 24% tvílembdir, 26% festu ekki fang. Meðallíftími lamba er 4,57 mánuðir (Inga Rún Helgadóttir, Umhverfisstofnun, 2024). „Lambhrútar“ og „lambgimbrar“ í mælaborðinu eru ásett lömb. Tölur fyrir lambgimbrar úr mælaborði eru notaðar sem gemlingar (animals for replacement) (Matvælaráðuneytið, 2023).
- Kjúklingar og lífungar: Kjúklingar lifa að jafnaði einn mánuð og lífungar fimm. Að jafnaði lifa 8 kjúklingakynslóðir á ári og vikurnar á milli kynslóða fara í hreinsun og undirbúning (Environice, 2021). Í mælaborðinu er gefin upp staðan á fjölda dýra þegar skráning fer fram, þ.e. í nóvember. Þær tölur eru notaðar sem ársmeðaltal (Matvælaráðuneytið, 2023).
- Kiðlingar: Tölur fyrir geitur eru ekki sundurgreindar eftir kyni. Gert er ráð fyrir að 85% geita séu huðnur. Að meðaltali bera 70% þeirra einum kiðlingi og 30% tveimur. Meðallíftími kiðlinga er að jafnaði 5 mánuðir (Inga Rún Helgadóttir, Umhverfisstofnun, 2024).

### 11.3.2 Kvígur

Flokkurinn „kvígur“ í mælaborðinu eru kelfdar kvígur. Ósæddar kvígur eru taldar í flokknum „geldneyti“.

### 11.3.3 Hestar

Tölur fyrir hesta eru tvíþættar. Annars vegar eru hestar í bústofni og hér gert er ráð fyrir að þeir séu á höfuðborgarsvæðinu allt árið. Fjöldi þeirra, 1026, er gefinn upp í mælaborðinu. Hins vegar eru hestar teknir á hús hjá hestamönnum á svæðinu. Eftir samtöl við hestamenn er áætlað að frístundahestar séu um 5.000 og að þeir séu að meðaltali á húsi í 5 mánuði á ári en annars í hagabeit utan svæðisins (og skráðir þar í bústofni). Meðalársfjöldi frístundahesta er þannig áætlaður 2.083 dýr. Fyrir útreikninga á losun frá húsdýraáburði er reiknað með að þeir séu á húsi allan tímann.

### 11.3.4 Iðjagerjun og húsdýraáburður

Aðferðir og losunarstuðlar fyrir losun frá iðragerjun og húsdýraáburði og gögn um meðalþyngd gripa eru þau sömu og í landsskýrslu Íslands fyrir 2021 (Keller, N. et al, 2023). Losunarstuðlarnir endurspeglar fóðurþörf og meðfylgjandi losun, til dæmis eru mismunandi losunarstuðlar fyrir mjólkurkúr, geldneyti eða kálfa.



Metanlosun frá iðragerjun er reiknuð með losunarstuðlum fyrir hvern dýraflokk út frá höfðatölu dýra, eða meðalársfjölda þar sem það á við. Sama gildir um metanlosun frá húsdýraúrgangi.

Glaðloftslosun (bein losun) frá húsdýraúrgangi er reiknuð á eftirfarandi hátt:

1. Fengnar eru upplýsingar um fjölda dýra (Matvælaráðuneytið, 2023).
2. Heildarmagn köfnunarefnis í skít og mykju er reiknað út frá meðalþyngd dýra.
3. Áætlað er hversu stóran hluta ársins dýrin eru á húsi (Keller, N. o.fl., 2023).
4. Hlutfall mismunandi geymsluaðferða húsdýraáburðar áætlað (Keller, N. o.fl., 2023).
5. Bein losun glaðlofts er reiknuð út frá þessum forsendum.

Losun frá tilbúnum áburði er reiknuð út frá heildarlosun tilbúins áburðar á landsvísu og út frá fjölda nautgripa, hrossa, sauðfjár og svína á höfuðborgarsvæðinu. Sömu aðferð er beitt og í fyrra kolefnisbókhaldi (Environice, 2021).



# Innleiðing loftslagsstefnu höfuðborgarsvæðisins

Ráðgjöf og tillögur að aðgerðum sveitarfélaga  
til að draga úr losun til ársins 2035

Maí 2024



Samtök sveitarfélaga á  
höfuðborgarsvæðinu



SÓKNARÁÆTLUN  
HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

VSÓ RÁÐGJÖF



## Efnisyfirlit

<b>1</b>	<b>Inngangur</b>	<b>2</b>
<b>2</b>	<b>Losun gróðurhúsalofttegunda á höfuðborgarsvæðinu 2022</b>	<b>4</b>
<b>3</b>	<b>Áhrif sveitarfélaga á losun</b>	<b>6</b>
<b>4</b>	<b>Verkaskipting innan sveitarfélaga</b>	<b>8</b>
<b>5</b>	<b>Tillögur að aðgerðum í loftslagsmálum</b>	<b>9</b>
5.1	Vegasamgöngur	9
5.2	Staðbundin orkunotkun	11
5.3	Úrgangur og fráveita	13
5.4	Siglingar og flug	15
5.5	Landnotkun (LULUCF) og landbúnaður	16
<b>6</b>	<b>Þróun til 2035</b>	<b>17</b>



## 1 Inngangur

### Forsaga

Þann 11. ágúst 2023 undirrituðu Borgarstjóri og bæjarstjórar sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu ásamt framkvæmdastjóra SSH undir loftslagsstefnu höfuðborgarsvæðisins. Ein af afurðum stefnunnar var yfirlit aðgerða sem þóttu líklegar til að skila árangri í baráttunni við loftslagsbreytingar. Aðgerðirnar tóku á losun í málaflokkunum vegasamgöngur, siglingum, staðbundinni orkunotkun, iðnaði, efnanotkun, úrgangsmálum og landnotkun.

Í kjölfar undirritunarinnar gerði SSH samkomulag við umhverfis-, orku- og auðlindaráðuneytið í þeim tilgangi að fylgja loftslagsstefnunni eftir, m.a. með ráðningu ráðgjafa til þess að aðstoða sveitarfélögin við að móta aðgerðir til samræmis við verkfærakistu loftslagsstefnu höfuðborgarsvæðisins. Þá yrði einnig unnið nýtt mat á losun gróðurhúsalofttegunda og bindingar kolefnis á höfuðborgarsvæðinu. SSH gerði samning við VSÓ ráðgjöf til að sinna ofangreindum verkþáttum en nýtt mat á losun gróðurhúsalofttegunda var unnið samhliða meðfylgjandi greiningu.

### Um þessa skýrslu

Í þessari skýrslu eru settar fram nánari tillögur að aðgerðum á grunni fyrirliggjandi loftslagsstefnu höfuðborgarsvæðisins og verkfærakistu. Áhersla er lögð á að sveitarfélögin einbeiti sér að þeim losunarflokkum sem þau geta haft mest áhrif á og velji aðgerðir þar sem mestur loftslagsávinningur fæst fyrir hverja krónu.

Í lok skýrslunnar er sett fram greining á mögulegri stöðu höfuðborgarsvæðisins árið 2035 m.t.t. framgöngu fyrirliggjandi aðgerða.

Samhliða hefur verið gefið út loftslagsbókhald fyrir höfuðborgarsvæðið, þar sem áætlað er hver losun svæðisins hafi verið árið 2022. Áður hafði losunin verið metin fyrir árið 2019.

### Samantekt

- Sveitarfélög ættu að leggja áherslu á aðgerðir í þeim losunarflokkum sem þau hafa áhrif á með kjarnastarfsemi sinni.
- Þegar loftslagsaðgerðum er forgangsraðað ætti að meta kostnað á móti loftslagsávinningi. Þá getur loftslagsávinningur orðið lykildreyta í fjárhagsstjórnun og stefnu-mótun sveitarfélaga.
- Aðgerðir í þágu loftslagsmála ættu að taka mið af stjórnsýslu og skipuriti sveitarfélaga. Huga þarf að því að hvar einstaka loftslagsaðgerðir eiga best heima og hvernig verkskiptingu innan sviða/deilda sveitarfélaga er háttáð.
- Þó auðvelt sé að mæla árangur af loftslagsaðgerðum í eigin rekstri, t.d. í bílaflota sveitarfélagsins, má ekki gleymast að sú losun er einungis lítið brot af losun alls samfélagsins. Með því að móta samfélagið í átt að umhverfisvænni lífsstíl, geta sveitarfélögin lyft grettistaki í loftslagsmálum.
- Vegasamgöngur er sá málaflokkur þar sem sveitarfélög geta helst haft áhrif á losun gróðurhúsalofttegunda. Losun mun ekki minnka að ráði nema ferðavenjur breytist. Innviðir fyrir virkar samgöngur eru nauðsynlegir fyrir þessa samfélagsbreytingu. Gegnum skipulagsvaldið má einnig hafa mikil áhrif á þennan málaflokk með litlum fjárhagslegum tilkostnaði fyrir sveitarfélagið.
- Aðrir málaflokkar sem sveitarfélögin geta haft áhrif á eru meðal annars úrgangur, byggingariðnaður og landnotkun.



### Til þess að ná árangri ættu sveitarfélögin að:

1. Vita hve mikil losun gróðurhúsalofttegunda er og hvaða losunarflokkar vega þyngst.
2. Þekkja þá þætti sem sveitarfélagið getur haft áhrif á.
3. Þekkja til aðgerða og leiða til að sveitarfélagið hafi áhrif losun.
4. Ákveða hver á að gera hvað, skipta verkum og ábyrgð.
5. Setja á fjárhagsáætlun aðgerðir þar sem ávinningur er mestur fyrir hverja krónu .
6. Meta áhrif á viðkvæma hópa og gæta sanngirni í loftslagsaðgerðum.

Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu eru um margt ólík. Stjórnsýsluhættir hafa mótast af stærð, hefðum og menningu. Flest sveitarfélaganna hafa þegar tilgreint aðgerðir sem hafa loftslagsávinning í sinni stefnumótun, ýmist í umhverfisstefnum, auðlindastefnu eða skipulagsáætlunum. Víða er unnið að því að skerpa á stefnumótun í loftslagsmálum og stjórnsýsluháttum sem tryggja eftirfylgni.

Til þess að sveitarfélög nái árangri sem skyldi í loftslagsmálum, þurfa fjölmörg svið eða deildir innan sveitarfélaganna að leggjast á eitt. Umhverfisfulltrúar fara fremstir í flokki en ná ekki að framkvæma allar loftslagsaðgerðir einir. Starfsfélagar þeirra í skipulagsmálum, innkaupum, innviðum og þjónustu þurfa að fá og axla ábyrgð á þeim þáttum sem undir þá heyra.

Til þess að aðstoða sveitarfélögin í þessu, er hér reynt að meta hvar aðgerðirnar sem hér eru kynntar, eiga heima í stjórnsýslunni. Ábendingarnar eru almenns eðlis, enda eru skipulag rit sveitarfélaganna ólík, þar með talið samsetning og heiti sviða.




## 2 Losun gróðurhúsalofttegunda á höfuðborgarsvæðinu 2022

Losun gróðurhúsalofttegunda á höfuðborgarsvæðinu var um 1.440.986 tonn CO<sub>2</sub>-ígilda árið 2022 (Tafla 1). Nánari lýsing á losuninni og útreikningunum er í loftslagsbókhaldi höfuðborgarsvæðisins fyrir árið 2022.


Tafla 1: Áætluð losun gróðurhúsalofttegunda á höfuðborgarsvæðinu árið 2022.

Losunarflokkur	Áætluð losun (tonn CO <sub>2</sub> íg)	Hlutfall losunar (prósent)
Iðnaður og efnanotkun	429.594	30%
Vegasamgöngur	364.892	25%
Landbúnaður og landnotkun	329.252	23%
Staðbundin orkunotkun	170.501	12%
Úrgangur og fráveita	101.985	7%
Siglingar og flug	44.761	3%
<b>Samtals</b>	<b>1.440.986</b>	<b>100%</b>




Mynd 1: Hlutfallsskipting losunar frá höfuðborgarsvæðinu.

Losun vegna efnahvarfa í stóriðju er fimmtungur allrar losunar innan svæðisins en þessi starfsemi er háð viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir (ETS), sjá m



Mynd 2. Stóriðjufyrirtæki hafa eigin áætlanir og sinna nýsköpun til að draga úr þessari losun.



Mynd 2: Skipting losunar í samfélagslosun, viðskiptakerfið ETS og landnotkun (LULUCF).

Sveitarfélögin hafa takmörkuð áhrif á nokkra losunarflokka: *flugsamgöngur*, losun frá *iðnaði* og *efnanotkun*. Flokkarnir liggja langt frá kjarnastarfsemi sveitarfélaga. Aðrir aðilar eru betur til fallnir að hafa áhrif á þætti eins og notkun kælimiðla í fiskiskipum, sem er stærsti einstaki þátturinn undir efnanotkun.

Losun vegna landnotkunar lýtur einnig sérstakri stjórnun og markmiðum en sveitarfélögin eru í lykilstöðu til að hafa áhrif á þessa losun gegnum skipulagsvaldið.

Næg verkefni falla undir kjarnastarfsemi sveitarfélaganna sem gefa tækifæri til að hafa áhrif á losun gróðurhúsalofttegunda og er lagt til að sveitarfélögin einbeiti sér að þeim losunarflokkum og aðgerðum.




### 3 Áhrif sveitarfélaga á losun

Sveitarfélög geta með auðveldum hætti haft áhrif á losun frá eigin rekstri, til dæmis með því að hætta að kaupa bíla sem ganga fyrir jarðefnaeldsneyti. Í allnokkrum tilfellum fer saman loftslagsávinningur og fjárhagslegur sparnaður, eins og þegar raforka er spöruð. Hægt er að sækja innblástur að loftslagsaðgerðum í rekstri í leiðbeiningar Grænu skrefanna sem Umhverfisstofnun hefur gefið út.

En kolefnisspor eigin rekstrar er smátt í samanburði við heildarlosun samfélagsins sem hér er fjallað um. Loftslagsávinningur getur orðið umtalsvert meiri með aðgerðum þar sem sveitarfélögin hafa bein og óbein áhrif á samfélagið. Sveitarfélögin geta haft mikil áhrif, sérstaklega ef þau taka höndum saman, með skipulagi byggðar og landnotkunar, skipulagi úrgangsmála, leiðsagnar til byggingariðnaðarins og framkvæmda. Sem dæmi hefur á síðustu árum verið lyft grettistaki í úrgangsmálum, sem ekki hefði verið hægt án samstillts átaks.

Einnig ættu sveitarfélögin að huga að loftslagsaðgerðum í eigin rekstri. Þó skal hafa í huga að losun frá rekstri sveitarfélagsins er aðeins örlítill hluti samfélagslosunar innan sveitarfélagsins. Þó breyttur rekstur geti haft stór áhrif á losun frá rekstri sveitarfélagsins, verður að hafa í huga að rekstrarlosunin er aðeins lítið mengi í stóra samhenginu.

Gegnum skipulag, innkaup, innviði og þjónustu hafa sveitarfélög áhrif á losun samfélagsins alls. Hér liggur stærsti loftslagsávinningurinn.




Mynd 3: Losun frá eigin rekstri sveitarfélaganna (stjórnsýslu, stofnunum og framkvæmdum) er aðeins lítil hluti heildarlosunar. Sveitarfélög geta einnig haft áhrif á samfélagslosun með innkaupum, skipulagi, þjónustu og uppbyggingu innviða.



Vissar aðgerðir fela í sér minniháttar kostnað fyrir rekstur sveitarfélaga en geta haft mikil samfélagsleg áhrif. Skipulagsmálin eru gott dæmi um þetta. Á mynd 3 er sett fram samspil áhrifa sveitarfélaga til losunar og kostnaður aðgerða í völdum losunarflokkum. Lengst til hægri liggja aðgerðir sem hafa mikil áhrif á losun frá vegsamgöngum. Innviðir eru kostnaðarsamir en skipulagsbreytingar hafa oft ekki beinar fjárhagslegar afleiðingar fyrir sveitarfélagið.

Einnig er sýnt á myndinni hvaða losunarflokkar vega þyngst í kolefnissporinu og hvar áhrifaríkar aðgerðir hafa nýlega verið gerðar, sem munu hafa áhrif við næstu losunarútreikninga, þ.e. varðandi úrgangsmál og rafvæðingu hafna.

Þegar loftslags-  
aðgerðum er forgangs-  
raðað ætti ávallt að  
meta kostnað  
á móti loftslagsávinningi.  
Þannig getur loftslags-  
ávinningur orðið lykil-  
breyta í fjárhags-  
stjórnun og stefnumótun  
sveitarfélaga.



Mynd 4: Samspil áhrifa sveitarfélaga til losunar og kostnaður aðgerða í völdum losunarflokkum. Lengst til hægri liggja losunarflokkarnir sem sveitarfélögin geta haft mest áhrif á, þ.e. úrgangsmál og vegasamgöngur. Stærri hringir gefa til kynna meiri losun í losunarflokknum. Ljósblár litur gefur til kynna losunarflokka þar sem mjög áhrifaríkar aðgerðir hafa nýlega verið gerðar, sem munu hafa áhrif við næstu losunarútreikninga, þ.e.a.s. endurbætur úrgangsmála og rafvæðing hafna.



## 4 Verkaskipting innan sveitarfélaga

Til að sveitarfélög nái árangri sem skyldi í loftslagsmálum þurfa fjölmörg svið eða deildir innan sveitarfélaganna að leggjast á eitt. Umhverfisfulltrúar fara þar fremstir í flokki en þó ber að hafa í huga að starfssvið þeirra getur ekki framkvæmt allar loftslagsaðgerðir. Starfsfélagar þeirra í skipulagsmálum, innkaupum, innviðum og þjónustu þurfa að fá og axla ábyrgð á þeim þáttum sem undir þá heyrta.

Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu hafa mismunandi skipurit og stjórnsýslu. Deildaskipan er ólík og verkefnum hvergi skipað nákvæmlega eins.

Meðfylgjandi mynd er sýnidæmi um samspil losunarflokka og skipurit sveitarfélaganna til að draga fram hvernig megi koma fyrir ábyrgð helstu verkefna sem varða aðgerðir í þágu loftslagsmála. Upptalningin er ekki tæmandi og sum verkefni geta átt heima utan stjórnsýslu einstakra sveitarfélaga, t.d. hjá hafnarmálayfirvöldum eða byggðasamlögum líkt og Sorpu eða Strætó.

	Skipulag	Innkaup og útboð	Innviðir	Þjónusta	Rekstur
Úrgangur	<ul style="list-style-type: none"> <li>Takmarkanir eða skilyrði í skipulagi fyrir niðurrifi bygginga</li> <li>Skilyrði um kolefnisútreikninga þar sem borið er saman niðurrif og endurnýting bygginga</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Skilmálar í útboðum um:</li> <li>Flokkun, endurnýting og úrgangsförvarnir</li> <li>Endurnýting jarðefna</li> <li>Rífa minna, endurnýta meira í framkvæmdum.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Innviðir fyrir úrgangsméðhöndlun; grenndarstöðvar, móttökustöðvar</li> <li>Nýta mottu frá Gaju á landi sveitarfélaga</li> <li>Nýta hringrásarefni í eigin verkefnum</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Samræmd þjónusta, meiri flokkun</li> <li>Skipulag á hirðu</li> <li>Fræðsla um úrgangsmál</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Flokkun í öllum stofnunum og byggingum</li> <li>Hætta notkun einnota muna þar sem hægt er</li> </ul>
Landnotkun	<ul style="list-style-type: none"> <li>Reikna kolefnisspor skipulagstillagna og mótvægisáðgerðir</li> <li>Endurheimt vistkerfa</li> <li>Vernd votlendis og skóga</li> </ul>				
Staðbundin orkunotkun	<ul style="list-style-type: none"> <li>Afsláttur af lóðaverði og gjöldum fyrir umhverfisvottaðar byggingar</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Skilmálar um hlutfall vistvænna véla í framkvæmdum og viðhaldi sveitarfélaganna</li> <li>Kaupa vistvænar vélar</li> <li>Meta möguleika á sameiginlegum vélalager</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Umhverfisvottun eða fylgja Vegvísi að vistvænni mannvirkjagerð í eigin framkvæmdum</li> <li>Samstarf við rafmagnsveitur um aðgengi að rafmagni við framkvæmdastaði</li> </ul>		<ul style="list-style-type: none"> <li>Orkunotkun í byggingum (ljós, rafmagn, hitaveita)</li> </ul>
Samgöngur	<ul style="list-style-type: none"> <li>Skipulag sem fækkar bílferðum, t.d. byggð og þjónusta nærri samgönguásum</li> <li>Minnka byggingar utan þéttbýlismarka</li> <li>Auka gjaldtöku á bílastæðum og fækka gjaldfrjálsum stæðum</li> <li>Aðstaða fyrir hringrás jarðefna</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Gera kröfu um láglosunarbifreiðar í útboðum, t.d. sorphirðu og skólaakstri</li> <li>Vinna með öðrum opinberum aðilum að kröfum um endurnotkun jarðefna í útboðum</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Innviðir fyrir almenningsamgöngur</li> <li>Net göngu- og hjólastíga þvert á sveitarfélög</li> <li>Háspennutenging á Skarfabakka</li> <li>Samstarf við veitufyrirtæki um rafhleðslustöðvar fyrir bíla</li> <li>Samstarf um deililausnir í samgöngum</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Aukið framboð almennings-samgangna og deilifarartækja</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Fækka ferðum á vegum sveitarfélags</li> <li>Vinnustaðir og þjónusta sveitarfélaga nærri samgönguásum og með góðu aðgengi fyrir hjól og göngu</li> <li>Kaupa bifreiðar og vélar sem losa lítið</li> </ul>


Mynd 5: Samspil losunarflokka og stjórnsýslu sveitarfélaganna.



## 5 Tillögur að aðgerðum í loftslagsmálum

Umfjöllun um tillögur að aðgerðum er skipt eftir losunarflokkum í kolefnisbókhaldi höfuðborgarsvæðisins 2022. Sjónum er beint að því hvaða svið sveitarfélaga koma að málum í hverjum flokki og með hvaða hætti aðgerðir sveitarfélaga geta dregið úr losun samfélagsins.

### 5.1 Vegasamgöngur



365

þúsund tonn CO<sub>2</sub>fg  
losuð árið 2022

25%

Af losun höfuðborgarsvæðisins

Deildir / svið:

Skipulag

Innviðir

Rekstur

Vegasamgöngur eru stærsti losunarflokkurinn sem sveitarfélögin geta haft áhrif á. Þar undir falla allar ferðir innan höfuðborgarsvæðisins, fólksbílaumferð íbúa og gesta, vöruflutningar, almenningssamgöngur og svo framvegis. Aðgerðir til að draga úr losun eru fjölbreyttar og þurfa sumar að vinnast í samstarfi sveitarfélaganna á svæðinu en aðrar getur hvert og eitt sveitarfélag unnið innan eigin stjórnýslu.

Orkuskipti í vegasamgöngum hafa þegar dregið úr losun um 7% frá 2019 til 2022. Vegna heimsfaraldursins dró úr umferð á þessu tímabili og bætti svo í aftur, þannig að heildarakstur á höfuðborgarsvæðinu árið 2022 var um það bil sá sami og 2019. Síðan þá hefur umferð haldið áfram að aukast eins og raunin var fyrir faraldurinn. Ef umferð heldur áfram að aukast, munu orkuskipti í samgöngum litlu skila. Til að draga úr losun frá vegsamgöngum þarf að grípa til frekari aðgerða.

Skipulagsmálin eiga hér stærstan hlut að máli. Nýútgefnar leiðbeiningar *Mannlíf, byggð og bæjarrými* gefa greinargóðar leiðbeiningar og skýringarmyndir sem einfalda sveitarfélögum að hafa áhrif á ferðavenjur íbúa og þar með losun frá samgöngum. Mikilvægast er að stytta fjarlægðir í borginni, halda aftur af þenslu á jöðrum borgarsvæðisins og beina vexti að samgönguásum. Aðgengi að bílastæðum og kostnaður við einkabílinn eru einnig tvær lykilbreytur. Breytt gjaldtaka og fækkun bílastæða hvetur fólk til að íhuga aðra ferðamáta. Í samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins er gert ráð fyrir að veggjöld geti staðið undir hluta af fjármögnun sáttmálans. Víða í Evrópu hafa slík veggjöld haft mikil áhrif á

Mikilvægasta framlag sveitarfélaganna er að haga landnotkun og skipulagi þannig að dragi úr ferðapörf og aðrir valkostir en einkabílinn séu freistandi og raunhæfir. Lykilþættir eru skipu-lagsmál, innviðir fyrir virka ferðamáta og þjónusta almennings-samgangna.



ferðavenjur. Hins vegar er einnig mikilvægt að hanna slíka gjaldtöku þannig að umskiptin bitni sem minnst á efnalítlum og viðkvæmum hópum.

Innviðir fyrir virka ferðamáta og þjónusta/tíðni almenningsamgangna eru verkefni sem sveitarfélögin hafa mikil áhrif á. Fyrirætlanir um Borgarlínu eru metnaðarfullstu áform um uppbyggingu slíkra innviða frá upphafi vega hér á landi sem geta haft afgerandi áhrif á samdrátt í losun. Þeim mun fyrir sem þjónusta kemst í notkun munu sveitarfélögin uppskera ábata þess í formi minni losunar. Þar til Borgarlínan er komin í gagnid, mætti endurskoða fyrirbyggjandi þjónustu almenningsamgangna til að þær verði raunhæfur valkostur við einkabílinn. Markmiðið mætti vera að almenningsamgöngur geti uppfyllt flestar bílferðir í daglegu lífi íbúa og gesta.

Bætt net hjólastíga, göngustíga og aðgengi að deililausnum í samgöngum eru lykilþáttur til að þjónusta virka ferðamáta. Aukið framboð af tækjum fyrir virka ferðamáta, eins og rafhjól og hlaupahjól, gera fleirum kleift að ferðast með virkum ferðamátum. Sveitarfélög geta stutt við þessa þróun með því að tryggja góðar og öruggar tengingar milli hverfa.

Í eigin rekstri geta sveitarfélögin tekið þátt í orkuskiptum og skipt út bifreiðum í þeirra eigu sem ganga fyrir jarðefnaeldsneyti. Með skipulagsákvörðunum geta sveitarfélögin staðsett starfsstöðvar sínar, stofnanir og þjónustu við samgönguása og tryggt gott aðgengi fyrir gangandi og hjólandi. Hvetja má starfsfólk til að nýta virka ferðamáta með aðgengi að öruggu skjóli fyrir farartækin og nýta fjarfundi til að draga úr ferðapörf starfsfólks. Þá má marka stefnu um ferðalög starfsfólks sveitarfélagsins til og frá vinnu og umbuna þeim sem nýta sér vistvæna ferðamáta.

Í atvinnugreinum þar sem sveitarfélög hafa aðkomu og geta þau unnið að hagkvæmari lausnum sem minnka akstursþörf. Sem dæmi má spara talsverðan þungaakstur með því að endurnýta jarðefni innan höfuðborgarsvæðisins. Hér þarf margt að ganga upp og margir að vinna saman, þar með talið sveitarfélög, aðrir opinberir innkaupaaðilar og verktakar. Mikilvægasta framlag sveitarfélaganna gæti verið að tryggja stað og aðstöðu á höfuðborgarsvæðinu þar sem hægt er að geyma, flokka og þrifa jarðefni, til þess að tryggja hringás jarðefna og að framkvæmdaaðilar hafi aðgang að góðum jarðefnum. Einnig þurfa sveitarfélög að vinna með öðrum opinberum aðilum að því að tryggja eftirspurn eftir hringrásarefnum, með því að setja kröfu um þau í útboðum.

## Tillögur að aðgerðum til nánari skoðunar:

### Skipulag sem fækkar bílferðum

- Beina uppbyggingu og þetta byggð, atvinnu og þjónustu við samgönguása og þróunar-  
svæði þar sem tíðni almenningsamgangna er góð.
- Fylgja leiðbeiningum um sjálfbært skipulag og vistvænar samgöngur í þéttbýli<sup>1</sup>.
- Meta hvar hægt er að fækka bílastæðum pr. íbúð eða vinnustað í skipulagi.
- Innleiða bílastæðastýringu við umferðarskapandi starfsemi þ.á.m. gjaldskyldu á álags-  
tímum.

### Auka hlut virkra ferðamáta og almenningsamgangna

- Uppbygging innviða fyrir almenningsamgöngur og Borgarlínu.
- Fylgja eftir hugmyndum um veggjöld í samræmi við samgöngusáttmála

<sup>1</sup> Skipulagsstofnun og Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) Apríl 2023. Mannlíf, byggð og bæjar-  
rými. Leiðbeiningar um sjálfbært skipulag og vistvænar samgöngur í þéttbýli.




- Leggja þéttriðið net göngu- og hjólastíga óháð sveitarfélagamörkum. Tryggja örugga heilsársþjónustu og viðhald.
- Aukin og markviss þjónusta almenningssamgangna. Skipuleggja leiðakerfi þannig að almenningssamgöngur geti komið í staðinn fyrir sem flestar bílferðir.
- Bæta aðgengi að deililausnum í samgöngum.
- Staðsetja vinnustaði og þjónustustaði sveitarfélagsins nærri samgönguásam og tryggja gott aðgengi fyrir gangandi og hjólandi.
- Styðja við / umbuna starfsfólki sem nýtir vistvæna ferðamáta.

#### Minni akstur með jarðefni

- Tryggja lóð og aðstöðu á höfuðborgarsvæðinu fyrir hringrás jarðefna, geymslu, flokkun og þrif.
- Vinna með öðrum opinberum aðilum til að þróa kröfur um endurnotkun jarðefna í útboðum fyrir opinberar framkvæmdir.

## 5.2 Staðbundin orkunotkun



170

þúsund tonn CO<sub>2</sub>g  
losuð árið 2022

12%

Af losun höfuðborgarsvæðisins

Deildir / svið:

Innkaup  
Rekstur  
Innviðir  
Skipulag

Undir staðbundna orkunotkun fellur raforkunotkun, hitaveita, eldsneytisnotkun vinnuvéla, dráttarvéla og framleiðsluvéla ýmiss konar. Að auki er olíunotkun fiskiskipa í þessum flokki.

Vinna má að losunarfríum byggingarstöðum í framkvæmdum á vegum sveitarfélaganna og draga lærdóm frá fordæmum á Norðurlöndunum. Sífelld meira framboð er af vinnuvélum sem ganga fyrir rafmagni og til að tryggja notkun þeirra í verkum á vegum sveitarfélaga þarf að gera ráð fyrir því í útboðsgögnum. Sveitarfélögin geta tekið sig saman og gefið út yfirlýsingu um kröfur sem gerðar verði eftir tiltekinn tíma sem gefur verktökum fyrirsjáanleika til að útvega slík tæki. Að auki þarf að hafa samstarf við rafmagnsveitur um að veita nægilegt aðgengi að rafmagni við framkvæmdastaði.

Sveitarfélögin geta umhverfisvottað eigin framkvæmdir, t.d. nýbyggingar eða endurbætur á skólum og hjúkrunarheimilum. Mest reynsla er af norræna umhverfismerkinu Svaninum

Af þessum þáttum geta sveitarfélögin helst haft áhrif á eldsneytisnotkun og kolefnisspor í bygg-ingariðnaði og framkvæmdum.



og BREEAM vottun. Þar eru gerðar kröfur um að lágmarka orkunotkun bæði á notkunartíma bygginga og á byggingartíma.

Sveitarfélög geta úthlutað lóðum og gefið afslátt af lóðaverði og opinberum gjöldum fyrir umhverfissvottaðar byggingar. Reynsla er komin af þessu kerfi hjá Hafnarfjarðarbæ og hefur skilað miklum árangri, en um helmingur Svansvottaðra bygginga hérlendis eru í Hafnarfirði, skv. Húsnæðis- og mannvirkjastofnun.

Í skipulagi eða lóðasamningum er hægt að gera kröfu um kolefnisútreikninga bygginga og framkvæmda. Nýta má leiðbeiningar Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar um lífsferilsgreiningar, sem er aðferð til að mæla umhverfisáhrif mannvirkja yfir allt lífsskeið þeirra, þ.m.t. kolefnisspor.

Meira en helmingur raforkunotkunar á höfuðborgarsvæðinu er vegna álframleiðslu og önnur notkun er dreifð á fyrirtæki og heimili. Notkun hitaveitu er einnig dreifð á heimili og fyrirtæki. Sveitarfélög hafa litla beina aðkomu að þessari notkun en geta komið tilmælum og fræðslu um orkusparnað til almennings og fyrirtækja, t.d. í gegnum fyrirtæki eða starfsfólk í veitubjónustu.

Í eigin rekstri geta sveitarfélögin unnið eftir Grænum skrefum til að nýta betur rafmagn og hitaveitu. Við endurnýjun eigin dráttarvéla og annars vélbúnaðar, geta sveitarfélögin kannað framboð á rafmagnsvélum og meta loftslagsávinning og verð.

Í höfnum hefur mikill metnaður verið í raftengingum síðustu tvö árin, svo fiskiskip geta nú raftengst í viðlegu bæði í Hafnarfjarðarhöfn og Gömlu höfninni í Reykjavík. Í komandi loftslagsbókhaldi munu loftslagsávinningur þessara aðgerða koma fram. Að öðru leyti hafa sveitarfélögin lítil áhrif á eldsneytisnotkun í framleiðslu eða í fiskiskipum.

## Tillögur að aðgerðum til nánari skoðunar:

### Grænni byggingar og framkvæmdir


- Velja umhverfissvottun eða fylgja Vegvísi að vistvænni mannvirkjagerð í eigin framkvæmdum.
- Setja kröfur um ákveðið hlutfall vistvænna véla í útboðum sveitarfélagsins fyrir framkvæmdir, byggingar og viðhald. Undirbúa með veitufyrirtækjum aðgengi að rafmagni á framkvæmdarsvæðum.
- Losunarfríir byggingarstaðir í framkvæmdum á vegum sveitarfélagsins.
- Setja skilyrði um kolefnisútreikninga í skipulag eða lóðasamninga þar sem bornir eru saman valkostir um niðurrif eða endurnýtingu byggingarhluta eða -efna.
- Afsláttur af lóðaverði og gjöldum fyrir umhverfissvottaðar byggingar eða framkvæmdir.
- Kaupa vistvænar vélar þegar þess er kostur.
- Meta möguleika á samnýtingu véla eða útbúnaðar sveitarfélaganna.

### Samstarf um orkuskipti í framkvæmdum og höfnum

- Tryggja áframhaldandi orkuskipti í höfnum.
- Tryggja nægt landrafmagn og skylda skip sem geta tengst til að tengjast rafmagni.
- Samstarf við rafmagnsveitur um nægilegt rafmagn við framkvæmdastaði.



## 5.3 Úrgangur og fráveita



102

þúsund tonn CO<sub>2</sub>íg  
losuð árið 2022

7%

Af losun höfuðborgarsvæðisins

Deildir / svið:

Umhverfiseild

Sorpa

Framkvæmdir

Grundvallarbreyting hefur orðið á skipulagi úrgangsmála á höfuðborgarsvæðinu, þökk sé góðri samvinnu sveitarfélaganna. Langtum minna af úrgangi er urðað en áður, sem hefur dregið verulega úr losun frá þessum flokki. Þegar úrgangur er urðaður, heldur metanlosun áfram svo árum eða áratugum skiptir. Því koma áhrifin ekki fram umsvifalaust en losun í þessum flokki mun minnka ár frá ári.

Úrgangsförvarnir snúast einfaldlega um að skapa ekki úrgang, heldur nýta hluti og efni eins lengi og hægt er, endurnota og koma í veg fyrir að nýtilegt efni og hlutir fari í ruslið. Sveitarfélögin geta tekið þátt í verkefnum eins og Góða hirðinum, Efnismiðlun og Hringrásargarði. Sveitarfélög geta endurnotað efni og hluti í eigin starfsemi og byggingarframkvæmdum.

Mikið af úrgangi fellur til í framkvæmdum og byggingarstarfsemi. Sveitarfélög geta sett kröfur um endurnýtingu og flokkun úrgangs í eigin útboðum og framkvæmdum. Þannig má draga úr byggingarúrgangi og auka endurnotkun við viðhald og niðurrif skólabygginga og leikskóla og við gatnagerð eða framkvæmdir á opnum svæðum. Einnig geta verið ákvæði í skilmálum í skipulagi eða lóðasamningum um endurnotkun byggingarefna.

Fræðsla er mikilvæg til að virkja íbúa og geta sveitarfélögin unnið með félagasamtökum og skólum í fræðslu um mikilvægi hringrásar og úrgangsförvarna.

Þjónusta og innviðir í úrgangsmálum hafa tekið miklum breytingum síðustu ár. Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu hafa samræmt hirðu, aukin hirða er við heimili og grenndarstöðvar og endurvinnslustöðvar eru styrktar. Sveitarfélögin geta áfram verið í samstarfi um að viðhalda og bæta aðstöðu til að flokka úrgang og sett ríkari áherslu á úrgangsförvarnir.

Sorpa ber ábyrgð á urðunarstað í Álfsnesi og sinnir mælingum á metanlosun, þéttir yfirborð til að fyrirbyggja leka á metani og bætir metansöfnun. Tvöfaldur loftslagsávinningur er af þessum aðgerðum. Annars vegar hindrar það metan í að leka út í andrúmsloft og hins vegar er metan nýtt í stað jarðefnaeldsneytis og minnkar þannig notkun þess.

Fráveituvatn frá höfuðborgarsvæðinu er að mestu losað í síkvikan Faxaflóa og aðstæður eru þess eðlis að losun er tiltölulega lítil miðað við magn frárennslis. Í hreinsistöðvum fellur til seyra og verði henni safnað ásamt gróðurhúsalofttegundum, munu þær aðgerðir hafa loftslagsávinning, til viðbótar við jákvæð áhrif á vatnsgæði.

Aðgerðum má skipta gróflega upp í úrgangsförvarnir, þjónustu og innviði fyrir flokkun úrgangs sem og aukna metansöfnun frá urðunarstað.





## **Tillögur að aðgerðum til nánari skoðunar:**

### **Úrgangsfornir og dregið úr úrgangsmýndun**


- Styrkja verkefni og innviði sem stuðla að endurnotkun í samfélaginu, svo sem markaði og aðstöðu fyrir hringrás muna og efna.
- Hugafarsbreyting í rekstri sveitarfélaga með áherslu á að nýta lengur og henda minna. Láta af notkun einnota muna þar sem hægt er.
- Fræðsla um úrgangsmál, forvarnir, hringrásarhagkerfið og bætta flokkun.
- Draga úr byggingarúrgangi við viðhald og niðurrif með kröfum um endurnýtingu og flokkun úrgangs í eigin útboðum sem og í skilmálum í skipulagi eða lóðasamningum.

### **Nýta hringrásarefni í eigin rekstri**

- Nýta moltu frá Gaju á landi sveitarfélaga
- Nýta endurunnið malbik, byggingarefni, jarðefni o.fl. Gera kröfu um hlutfall endurunninna efna í eigin byggingum og framkvæmdum.



## 5.4 Siglingar og flug



45

púsund tonn CO<sub>2</sub>lg  
losuð árið 2022

3%

Af losun höfuðborgarsvæðisins

Deildir / svið:

Umhverfiseild  
Hafnarstjórar

Faxaflóahafnir og Hafnarfjarðarhöfn hafa á síðustu tveimur árum, sett upp háspennutengingar sem gerir skipum kleift að tengjast landrafmagni í viðlegu og slökkva á vélum. Þetta skilar sér í minni losun frá höfnunum, nema skipaumferð aukist þeim mun meira, og þá sérstaklega umferð stórra skemmtiferðaskipa sem losa mun meira en önnur skip sem fara um hafnirnar.

Meta má kostnað og loftslagsávinning af því að takmarka fjölda skemmtiferðaskipa eða setja umhverfiskröfur tengdar losun skipanna. Allmargar norskar hafnir hafa tekið í notkun umhverfiskröfurnar EPI (Environmental Port Index) og hækka hafnargjöldin fyrir skip sem menga og losa mest en lækka fyrir þau sem eru metnaðarfull í umhverfismálum.

Sveitarfélögin hafa hverfandi áhrif á losun frá flugi og því er ekki lögð áhersla á aðgerðir á því sviði að þessu sinni.

### Tillögur að aðgerðum til nánari skoðunar:


#### Minnka losun frá siglingum

- Tryggja nægt landrafmagn í höfnum og skylda þau skip til að tengjast sem til þess eru búin.
- Tryggja háspennutengingu á Skarfabakka í Sundahöfn.
- Meta kostnað og loftslagsávinning af því að stjórna fjölda skemmtiferðaskipa.
- Meta kostnað og loftslagsávinning af því að taka í notkun umhverfiskröfur fyrir skemmtiferðaskip, til dæmis EPI (Environmental Port Index).

Sveitarfélögin geta áfram unnið með hafnaryfirvöldum að rafvæðingu. Mestur loftslagsávinningur mun verða af háspennu-tengingu fyrir stór skemmtiferðaskip sem leggja að við Skarfa-bakka í Sundahöfn.



## 5.5 Landnotkun (LULUCF) og landbúnaður



329

þúsund tonn CO<sub>2</sub>g  
losuð árið 2022

23%

Af losun höfuðborgarsvæðisins

Deildir / svið:

Umhverfiseild  
Skipulag

Losun frá landnotkun er háð náttúru og vistkerfum í umhverfinu og því hafa ekki verið sett sambærileg markmið um niðurskurð og fyrir aðra losun. Eins og er er landsmarkmið Íslands að losun frá landnotkun aukist ekki. Þetta gæti breyst með nýjum alþjóðasamningum á næstu árum. Á sama hátt ætti markmið sveitarfélaganna að vera að losun frá landnotkun aukist ekki og minnki frekar en hitt.

Breytt landnotkun leiðir til þess að kolefnisforði jarðvegsins losnar út í andrúmsloftið, til að mynda við byggingu þéttbýlis eða vegagerð þar sem áður var mói eða mýri. Við breytingar á landnotkun í skipulagi er hægt að meta loftslagsáhrif, hversu mikil losun muni fylgja af breytingunni og gera áætlun um að það hvernig losunin verði lágmörkuð og kolefnisjöfnuð. Þessi nálgun er í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar Íslands um að losun frá landi aukist ekki.

Mikilvægt er að hlúa að náttúrulegri vistgerð landsins, í samræmi við skuldbindingar Íslands um lífræðilega fjölbreytni. Endurheimt vistkerfa er góð leið til þess að draga úr losun frá landi og binda kolefni í jörðu. Sérstaklega geta sveitarfélögin einbeitt sér að votlendi og endurheimt birkiskóga, sem Ísland leggur áherslu á í alþjóðlegu samstarfi.

Skógrækt er sú landnotkun sem helst bindur kolefni en flest önnur landnotkun losar kolefni úr jörðu. Lönd með víðfeðma skóga hafa nettóbindingu, ekki nettólosun frá landnotkun. Því er aukin skógrækt góð leið til að binda kolefni til móts við breytta landnotkun sem losar kolefni úr jörðu. Þó þarf ávallt að taka tillit til aðstæðna á hverjum stað. Í samstarfi við landeigendur og Land og skóg mætti finna svæði sem henta til endurheimtar birkiskóga.

Við endurskoðun aðalskipulags geta sveitarfélögin greint hvaða svæði binda vel kolefni eða hafa mikinn kolefnisforða, svo sem skóga og votlendi, og tryggja vernd slíkra svæða í skipulagi eftir því sem kostur er.

### Tillögur að aðgerðum til nánari skoðunar:

#### Ábyrg landnotkun

- Reikna kolefnisspor breyttrar landnotkunar við gerð skipulagsáætlana og gera áætlanir um hvernig aukin losun verði jöfnuð með bindingu eða endurheimt.
- Auka endurheimt votlendis og birkiskóga, í samstarfi við Land og skóg og félagasamtök.
- Draga úr eða stöðva framræslu votlendis og viðhald skurða, í samstarfi við bændur og aðra landeigendur.
- Auka skógrækt þar sem aðstæður henta til þess.
- Auka landgræðslu, nýta til þess moltu og annan lífrænan úrgang.



## 6 Þróun til 2035

Talsverður munur er á kolefnisbókhalda höfuðborgarsvæðisins árin 2019 og 2022 en að miklu leyti er það vegna breytinga í útreikningum, aðferðafræði og gagnaöflun. Engu að síður hefur náðst árangur t.d. í losun frá vegasamgöngum, höfnum og úrgangi.

Heildarlosun frá vegsamgöngum var um 7% minni árið 2022 en árið 2019, sé losunin reiknuð með sama hætti fyrir bæði árin. Eftir samfellda aukningu umferðar síðastliðin ár, minnkaði umferð í heimsfaraldrinum. Árið 2022 var umferð hin sama og 2019 en hlutfall láglosunarbifreiða hærra. Umferð hefur haldið áfram að aukast síðan þá. Ekki er víst að áframhaldandi orkuskipti í samgöngum nái að jafna út áhrifin af aukningu bílaumferðar á næstu árum, sérstaklega ekki þegar þeir hvatar sem verið hafa til orkuskipta verða afnumdir.

Líkt og í samgöngum minnkar losun í höfnum við rafvæðingu. Hins vegar heldur stórum skemmtiferðaskipum áfram að fjölga og enn vantar raftengingu á Skarfabakka, þar sem stærstu skipin leggja að.


Í flokknum losun frá iðnaði vegur þyngst losun frá álverinu í Straumsvík. Stærstur hluti losunarinnar er beintengdur vinnsluaðferðinni og takmarkaðir möguleikar eru á að draga úr þeirri losun með núverandi tækni en fyrirtækið hefur unnið að því að minnka losun þar sem hægt er. Losun frá álverinu er háð losunarheimildum í ETS-kerfinu og fjárhagshvatar setja stigvaxandi þrýsting á fyrirtæki að draga úr losun. Losun vegna notkunar kælimiðla er svipuð og í fyrra bókhalda og reikna má með að það dragi úr losun með endurnýjun tækja og búnaðar en það getur tekið áratugi.

Losun frá úrgangi fer minnkandi eftir að sérsöfnun lífræns úrgangs hófst og tekið er við honum í gas- og jarðgerðarstöðinni Gaju. Losun heldur áfram frá lífrænu efni sem hefur verið urðað undanfarna áratugi en minnkar með árunum. Metan frá urðunarstað nýtist sem eldsneyti og veldur þá hverfandi losun samanborið við jarðefnaeldsneyti.

### Spá um samdrátt til ársins 2035

Þegar horft er yfir aðgerðir sem sveitarfélög og aðrir geta gripið til er sett fram spá um þróun til ársins 2035 (Tafla 2). Gerðir eru fyrirvarar við spánna því ekki liggja fyrir ítarlegar greiningar og vitað er að aðferðafræði við mælingar á losun munu halda áfram að þróast, og getur það breytt losun frá einstaka flokkum burtséð frá raunverulegri losun. Þar sem spáð er engri breytingu skortir forsendur til að meta þróunina.

Mynd 6 sýnir spá um þróun samfélagslosunar en sveitarfélögin hafa mest áhrif á þá flokka.



Mynd 6: Spá um þróun losunar á höfuðborgarsvæðinu fram til ársins 2035, ef aðgerðir sveitarfélaganna ganga eftir. Sýnir eru losunarflokkar sem falla undir samfélagslosun.

Tafla 2: Spá um þróun losunar til ársins 2035 ef aðgerðir sveitarfélaga ganga eftir.

Losunar-flokkur	Undirflokkur	Áætluð þróun til ársins 2035	Breyting frá 2022
Samgöngur á landi	Vegsamgöngur	Skipulagsbreytingar og aukinn hlutur virkra- og almenningssamgangna halda umferðarmagni svipuðu og árið 2022. Orkuskipti skila nokkrum árangri.	Minnkar um 30%
	Samgöngur á sjó	Rafvæðing í höfnum	Minnkar um 80%
	Flug	Óbreytt losun	Engin breyting
Staðbundin orkunotkun	Raforka heimila	Eykst vegna hleðslu ökutækja við heimahús og fjölgun íbúa. Orkusparnaður nær ekki að vega upp á móti.	Eykst um 50%
	Eldsneytisnotkun í landbúnaði	Minnkar með orkusparandi aðgerðum og rafdrifnum vélbúnaði	Minnkar um 30%
	Gasnotkun	Ekki gert ráð fyrir breytingu	Engin breyting
	Fiskveiðar	Rafvæðing í höfnum	Minnkar um 80%
	Hitaveita	Engin breyting	Engin breyting
	Eldsneytisnotkun í byggingariðnaði	Losunarfríir byggingarstaðir og vistvænt eldsneyti.	Minnkar um 50%
	Raforka í atvinnurekstri	Engin breyting	Engin breyting
Eldsneytisnotkun í iðnaði	Rafvæðing tækja og búnaðar. Aukin notkun metans og annarra vistvænna orkugjafa.	Minnkar um 50%	



Losunar- flokkur	Undirflokkur	Áætluð þróun til ársins 2035	Breyting frá 2022
Iðnaður og efnaferlar	Álframleiðsla	Aðgerðir fyrirtækja	Minnkar um 10%
	Kælimiðlar	Aðgerðir fyrirtækja	Minnkar um 30%
	Glaðloft, parrafín ofl	Aðgerðir fyrirtækja	Minnkar um 50%
Úrgangur og fráveita	Urðun og brennsla	Minni urðun vegna aukinnar flokkunar, gas- og jarðgerðar	Minnkar um 60%
	Fráveita	Aukning vegna fjölgunar íbúa en á móti kemur aukin hreinsun	Aukning um 10%
Landbúnaður	Landnotkun	Bætt landnotkun: endurheimt, aukin skógrækt og kolefnisjöfnun þegar land er tekið undir byggð	Minnkar um 10%
	Landbúnaður	Engin breyting	Engin breyting